Hlutdeild kvenna í afbrotum í ljósi femínískra fræða

Afbrot kvenna á Norðurlöndum

Katrín Sif Oddgeirsdóttir

Lokaverkefni til BA–gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hlutdeild kvenna í afbrotum í ljósi femínískra fræða

Afbrot kvenna á Norðurlöndum

Katrín Sif Oddgeirsdóttir

Lokaverkefni til BA–gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Helgi Gunnlaugsson

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Maí 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA–gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Katrín Sif Oddgeirsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

ÚTDRÁTTUR

Hlutdeild kvenna í afbrotum hefur í gegnum tíðina verið mun minna í umræðunni en afbrot karla en konur fremja mun færri afbrot en karlar. Afbrotahegðun kvenna hefur breyst í gegnum tíðina en femínistar vilja meina að með aukinni jafnréttisbaráttu hafi orðið vitundarvakning í samfélaginu en að refsivörslukerfið taki verr á málefnum kvenna í afbrotum og vilja gera þær sýnilegri. Í ritgerðinni verður skoðað hver er hin femíníska sýn á hlutdeild kvenna í afbrotum er og bera saman hvaða afbrot konur fremja helst á Norðurlöndunum. Hver er hin feminíska sýn á hlutdeild kvenna í afbrotum? Hvað sýna opinber gögn og lögreglugögn okkur um hlutdeild kvenna í afbrotum á Norðurlöndum? Til að átta sig betur á því hvað átt er við með femínískri sýn verður kenningarlegur bakgrunnur þeirra fræða skoðaður. Heimildaöflun var í formi fræðilegra greina, rannsókna og bóka sem fræðimenn hafa gefið út. Niðurstöður ritgerðarinnar eru líkt og femínísk fræði benda á, að kynjamismunur í samfélaginu leiðir til frávikshegðunnar. Konur á Norðurlöndum fremja helst auðgunar- og fíkniefnabrot en fremja síst í ofbeldishneigðari afbrot. Niðurstöður þessar eru í samræmi við kenningar fræðimanna.

Formáli

Ritgerð þessi er skrifuð sem lokaverkefni í B.A námi við félagsfræði í Háskóla Íslands. Ég hafði þróað með mér hugmyndina í þó nokkurn tíma í gegnum námið síðustu ár. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Helga Gunnlaugssyni fyrir góða leiðsögn og ráð í gegnum ferlið. Mínar innilegustu þakkir fara til tengdamóður minnar, Ásdísar Þórbjarnardóttur sem hefur stutt við bakið á mér við vinnslu ritgerðarinnar sem og í lífinu sjálfu. Eiginmanni mínum, Birgi þakka ég fyrir alla sína þolinmæði í tengslum við ferlið. Stuðningur hans er ómetanlegur. Tvíburasystir mín, fjölskyldan og vinir eiga einnig þakkir skyldar. Síðast en ekki síst vil ég þakka syni mínum, Þórbirni Elí fyrir þann skilning, lífsgleði og hvatningu sem hann hefur veitt mér á stutta lífsskeiði sínu. Tilvera hans gefur lífinu tilgang.

EFNISYFIRLIT

Útdráttur 1
1. Inngangur 4
2. Femínískar kenningar 7
2.1 Ólíkar tegundir femínisma 9
2.2 Femínísk aðferðafræði 10
2.3 Femínískar kenningar innan afbrotafræðinnar 11
2.4 Kynjasýn Chivalry tilgátunnar 12
2.5 Staðalímyndir 13
2.7 Feðraveldi 14
3. Stimplunarkenning 16
3.1 Áhrif stimplunar á konur 17
4. Konur og afbrot 19
4.1 Hugmyndir um líffræðileg áhrif á afbrot kvenna 19
4.2 Hugmyndir um félagsleg áhrif á afbrot kvenna 20
4.3 Kynjuð frávikshegðun 21
5. Afbrot kvenna á Norðurlöndum 24
5.1 Samanburður á afbrotatölfræði Norðurlanda 24
5.2 Úttekt á félagslegri stöðu kvenkyns fanga 26
5.3 Konur og meðferð 28
6. Umræða 29
7. Heimildaskrá 35

1. INNGANGUR

Afbrotafræði er grein félagsvísinda sem styðst við viðurkenndar aðferðir til rannsókna á afbrotum og viðbrögðum samfélagsins við þeim. Afbrotafræði er vísindaleg rannsókn á afbrotum, afbrotahegðun og viðurlögum. Mikilvægt einkenni afbrotafræðinnar er hið þverfaglega eðli hennar (Helgi Gunnlaugsson, 2003a). Hlutdeild kvenna í afbrotum hefur í gegnum tíðina verið mun minna í umræðunni en afbrot karla. Hjá mörgum eru staðalímyndir fyrir afbrotamenn, karlmenn, á meðan staðalímyndin fyrir kvenkynsafbrotamann er oft á tíðum afbrot án fórnarlamba en með því er átt við þegar konur stunda vændi eða fíkniefnaneyslu. Flestir afbrotafræðingar eru sammála um það að konur fremja færri glæpi en karlar en einnig að flestar þeirra eru líklegri til að vera dæmdar fyrir fyrsta brot. Afbrotafræðingar hafa í gegnum tíðina ekki lagt áherslu á afbrot kvenna í rannsóknum sínum (Gilfus, 1992; Helgi Gunnlaugsson, 2000; Smart, 1977). Þetta hefur þó verið að breytast á síðustu áratugum, ekki síst vegna tilkomu kvenkyns afbrotafræðinga sem beint hafa kastljósinu að hlutdeild kvenna í afbrotum. Rannsóknir hafa bæði snúist um konur sem gerendur og sem fórnarlömb afbrota eins og t.d. heimilsofbeldis og kynferðisbrota (Helgi Gunnlaugsson, 2000).

Afbrotafræðingar síðustu áratuga hafa rannsakað eða skoðað konur sem afbrotamenn með tilliti til „almennra“ félagskenninga sem rannsaka bæði karlmenn og konur. Ástæðan fyrir því að konur hafa ekki verið rannsakaðar til jafns við karla er sú að konur fremja mun færri afbrot en karlar eins og flestar tölfræðirannsóknir sýna. En slík tölfræði er ekki nóg ein og sér til þess að gefa konum í afbrotum ekki gaum (Smart, 1977). Afbrotafræðingar styðjast mikið við opinberar tölur sem gefa þá sýn sem unnið er eftir. Þetta kallar fram þau vandamál sem tengjast opinberum gögnum, því taka verður tillit til fjölda breyta sem skiptir máli í því samhengi líkt og fjölda kærðra brota, handtökur, refsivörslukerfið og þeirra kvenna sem jafnvel opinberu gögnin ná aldrei til (Hindess, 1973).

Frávikshegðun er hegðun sem er ekki samþykkt af samfélaginu né þeim gildum og viðmiðum sem það setur. Fyrsta skrefið til að skilja frávikshegðun er að rannsaka menninguna og félagslegu gildin sem það setur. Gildin eru jafn misjöfn og samfélög eru mörg og því mikilvægt að reyna að skilja frávikshegðunin í samræmi við það (Gilbert, 2002). Menning, viðmið og gildi samfélagsins spila þá stórann þátt í mótun einstaklinga sem skilar sér í misjafnri sýn þeirra á konur og karla.

Hin síðari ár hafa afbrotafræðingar einkum staldrað við félags- og sálfræðilegar skýringar en að einhverju leyti líffræðilegar líka. Mikilvægar skýringar snerta ólík hlutverk karla og kvenna í samfélaginu og þá um leið mismunandi félagslegt taumhald á kynjunum. Í samfélaginu hafi yfirleitt verið gerðar meiri kröfur til stúlkna en drengja að halda aftur af sér og almennt er ætlast til betri framkomu af hálfu kvenna en karla. Drengir megi vera fyrirferðameiri og frelsi þeirra til athafna er yfirleitt meira. Margir fræðimenn telja að skýringuna á þessari ólíku afstöðu til kynjanna megi rekja til umönnunarhlutverks kvenna í samfélaginu (Helgi Gunnlaugsson, 2003b).

Ritgerð þessi er framlag höfundar til þess að reyna að útskýra sjónarhorn femínisma hvað varðar afbrot kvenna. Femínismi hefur verið umdeilt hugtak í samfélagsumræðu og oft fylgir honum neikvæður stimpill. Femínismi tengist kynjafræði sem fræðigrein og því má skilgreina femínisma sem fræði en skiptar skoðanir eru á því hvort túlka megi það sem fræði eða hugsjón. Eitt er þó hægt að vera sammála um og það er að kenningar femínisma varpa ljósi á þann ójöfnuð sem ríkir á milli kynjanna í samfélaginu og eru afbrot þar engin undantekning.

Femínísk fræði hafa lengi verið mér hugleikin og þegar ég sat áfanga í Háskóla Íslands í afbrotafræði þá fannst mér áhugavert að tengja þetta tvennt saman. Áhugi minn á viðfangsefninu kviknaði þegar ég átti í rökræðum um stöðu kvenna og leiddi það til umræðu um kvenkyns afbrotamenn. Umræður og staða þekkingar á mun á milli kynja í afbrotum eru af margvíslegum meiði og umdeildar líkt og hugsjón femínisma. Afbrot kvenna eru umfangsmikil en sem málaflokkur virðist þau fá litla athygli í samfélaginu og það er staðreynd að fólk gerir sér litla grein fyrir þeirri ástæðu sem hvetur konur á veg frávikshegðunnar. Að tengja femínisma við afbrotafræði er ekki ný hugmyndafræði og eru til nokkrar rannsóknir til um slíkt efni og þá helst hvaða augum refsivörslukerfið lítur á konur. Rannsóknum fer sífellt fjölgandi eftir því sem fræðin ryðja sér til rúms. Þær heimildir sem ég fann juku áhuga minn enn frekar en ekki hefur verið mikið skrifað um það hér á Íslandi sem tengja má það við hversu hlutfallslega fáar konur eru dæmdar til fangelsisvistar hér á landi. Skrif mín hófust á að skrifa um hlutdeild kvenna í afbrotum hér á Íslandi því ég var einkum forvitin að sjá hvernig þróunin er hér á landi. Ég komst að því að hlutfall kvenna sem eru dæmdar til fangelsisvistar eru fáar svo í framhaldinu af því ákvað ég að skrifa um hlutdeild kvenna í afbrotum á Norðurlöndum og hvaða afbrot þær fremja helst. Gagnasöfnun reyndist hins vegar nokkuð torveld þar sem afbrotatölfræðin var ekki fáanleg í sömu stöðlum milli hagstofa Norðurlandanna. Notast var við skýrslu European Criminal Justice Statistics frá

árinu 2010 sem gaf út afbrotatölfræði Evrópulanda fyrir árið 2006. Hún var því höfð til hliðsjónar ásamt því að skoðað var afbrotatölfræði hjá Hagstofum landanna.

Í ritgerðinni mun ég leitast við að svara því hver er hin femíníska sýn á hlutdeild kvenna í afbrotum og bera saman hvaða afbrot konur fremja helst á Norðurlöndunum. Hver er hin femíníska sýn á hlutdeild kvenna í afbrotum? Hvað sýna opinber gögn og lögreglugögn okkur um hlutdeild kvenna í afbrotum á Norðurlöndum?

Til að átta sig betur á því hvað átt er við femínískri sýn verður skoðaður kenningarlegur bakgrunnur þeirra fræða og þá verður farið sérstaklega yfir nokkrar af helstu kenningum femínisma og hvað femínisminn segir um hlutdeild kvenna í afbrotum. Að lokum verður farið yfir það hvað opinber gögn og lögreglu gögn segja okkur um hlutfall kvenna í afbrotum á Norðurlöndum, hvaða brot þær fremja helst og í hvaða brotum þær eru síst í. Norðurlöndin eru talin vera ákveðin fyrirmyndarríki hvað varðar jafnréttisbaráttu og því áhugavert að fara í samanburð á afbrotatölfræði. Hún gefur okkur innsýn á hlut kvenna í afbrotum en einnig verður farið yfir stöðu kvenfanga í lokin. Þar sem ritgerðin fjallar um femíníska sýn á afbrot og slík sýn gefur okkur líka innsýn inn í refsivörslukerfið er mikilvægt að skilgreina afbrotafræðina og sakfræðina sem femínísk afbrotafræði fjallar mikið um. Afbrotafræðin rannsakar tilurð refsilaga, umfang afbrota í samfélaginu, skýringar á útbreiðslu þeirra og afleiðingar afbrota en sakfræðin beinir einkum sjónum sínum að þeim aðilum sem hafa með meðferð og afgreiðslu refsimála að gera í stjórnkerfinu sjálfu (Háskóli Íslands, 2012). Afbrotafræðingar fjalla því fyrst og fremst um tíðni og eðli afbrota í samfélaginu en sakfræðingar við réttarvörslukerfið sjálft, svo sem hlutverk lögreglu, dómstóla og fangelsa (Háskóli Íslands, 2012).

Heimildirnar sem ég nota í þessari ritgerð koma víða að, meðal annars fræðilegar greinar, rannsóknir og bækur sem fræðimenn hafa gefið út. Ég mun nýta mér heimildarkerfi sem kallast APA (e. The American Psychological Association) sem hefur verið notað við kennslu innan Félagsvísindasvið í Háskóla Íslands. Í því kerfi er vitnað í höfunda og ártal með texta og hægt er að sjá nánar um heimildaskráningu aftast í heimildaskrá.

2. FEMÍNÍSKAR KENNINGAR

> *Nú eru einmitt tilfinningar vorar með tilliti til hinnar misjöfnu stöðu karla og kvenna í mannfélaginu ... meir lifandi og rótgrónari en allar aðrar tilfinningar sem geyma og vernda venjur fortíðarinnar. Það er því eigi að furða þótt þær séu öflugastar af öllum og hafi varist best gegn andlegum byltingum sem orðið hafa í mannfélaginu á seinni tímum.*
>
> (John Stuart Mill, Kúgun kvenna, 1869 bls. 71).

Saga femínisma hófst á baráttu kvenna fyrir mannréttindum og borgaralegum réttindum á miðri 19.öld. Full ástæða er til að gera greinarmun á hugtökunum jafnrétti og femínisma. Femínisma má aðgreina í hreyfingu eða aktívisma annars vegar og kenningu eða fræði hins vegar. Jafnrétti er skipulagt jafnréttisstarf, viðurkennt og stofnanabundið birtingarform kvennabaráttu (Þorgerður Einarsdóttir, 2001, 2004). Sá sem aðhyllist jafnrétti kynjanna er femínisti. Skilgreining á hugtakinu femínismi er þó misjöfn eftir löndum. Í þróunarlöndunum tengist hugtakið femínismi baráttu gegn fátækt og að breyta íhaldssömum hugsunarhætti karlmanna á meðan femínismi í iðnríkjunum tengist baráttu gegn launamismun kynjanna og að útrýmingu kyngervis (Giddens, 2009).

Ekki er hægt að aðgreina femínisma sem fræðigrein og femíníska baráttu en segja má að femínismi sem fræðigrein efli og styrki baráttuna með rannsóknum og greiningum sínum á samfélaginu (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Andersen (2003) nefnir að félagsmótun kynjanna sé föst í valdakerfi ríkis og innan stofnanna samfélagsins og er það hluti samfélagsmótunarinnar hvernig við skilgreinum og horfum á femínísma.

Fyrsta útfærða þekkingarfræði femínismans er sjónarmiðafemínisminn og er sú sem náð hefur mestri útbreiðslu. Dorothy Smith (2005) skrifaði á níunda áratug síðustu aldar um það hvernig mismunandi lífsaðstæður karla og kvenna sköpuðu þeim mismunandi viðhorf, gildismat og þekkingu. Stéttabarátta og barátta milli kynþátta voru henni einnig hugleikin en hún telur að hægt sé að samrýma þessi ólíku sjónarmið. Samkvæmt þessu sjónarmiði er þekking ávallt háð sjónarmiði þess sem í hlut á. Forréttindi eru minnst sýnileg þeirra sem njóta. Af þessum sökum er femínismi fræðikenning andófsins (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Þekkingarfræði og vísindaheimspeki hafa tekið við af pólitískum hreyfingum og baráttumálum sem eitt meginviðfangsefni femínískrar hugsunar. Sjónarmiðsfemínismi er eitt slíkt afbrigði, en þar er því haldið fram að sjónarmið kvenna sé nauðsynlegt vísindunum til að þau segi sannleikann um heiminn og tilveruna (Þorgerður Einarsdóttir, 2001).

Femínisminn spyr; „hvað með konur?“ Til eru nokkur svör við þessu. Kynin eru ólík. Staðsetning og reynsla konunnar er ólík staðsetningu og reynslu karlsins. Það er valdamisræmi í flestum þjóðfélögum í heiminum í dag, konur eru kúgaðar út um allan heim. Ójöfnuður kynjanna er til kominn vegna stöðu kvenna í samfélaginu, kerfislæg undirskipan kvenna er mikil sem er birtist vegna auðvaldskerfisins, sem Ritzer og Gooodman (2004) vilja skilgreina sem karlaveldi. Sylvia Walby (1997) hefur skilgreint það sem félagslegt valdakerfi sem einkennist af kerfisbundinni yfirskipun karla og undirskipun kvenna, hún nefnir þó að því fari fjarri að hver einasti karlmaður hafi yfirráð í krafti kyns síns og hver einasta kona sé undirskipuð vegna kyns síns.

Hugmyndir póstmódernisma hafa verið femínistum mikilvæg uppspretta hugmynda og innblásturs. Póstmódernisminn segir að konur séu margbreytilegar, en að eitt sameini þennan hóp, það að þær standa iðulega skörinni lægra en karlar í sambærilegri stöðu. Lykilhugtök í póstmódernískum nálgunum eru orðræða og afbygging. Veruleikinn er ekki bara mannasetningar heldur samsettur úr orðræðum. Skilgreiningar á orðræðu eru margar og ekki einhlítar (Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Mikilvægasta framlag póstmóderníska hugmyndastrauma á femínisma hefur því verið að brjóta upp og endurskoða staðlaðar hugmyndir um konur, eðli kvenna, kvenleika og karlmennsku, sem haldið hefur verið á lofti, bæði í daglegri orðræðu og í orðræðu ólíkra fræða og vísindagreina, en skoða þess í stað menningarlegan og sögulegan margbreytileika. Póstmódernisminn mótast meðal annars af landfræðilegri og menningarlegri staðsetningu, aldri, stétt, kynþætti, kynhneigð, þjóðerni, og trúarbrögðum. Að viðurkenna að allir þessir þættir eru samtvinnaðir og að staðsetja sig á einhverskonar pólitísku svæði er hápólitískt í sjálfu sér (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2000).

Póstmódernistar hafna módernískri hugmyndafræði þar að segja að skynsemi veiti sanna þekkingu á heiminum og skynsemi sé ekki eðlislægur eiginleiki mannsins og þar af leiðandi véfengja þeir hina sjálfráðu skynsemisveru. Margræð reynsla margbreytilegra hópa með mismunandi staðsetningu flokkast undir þekkingarsköpun póstmódernismans, réttmætiskröfur eru ráðandi, því þekking er byggð á því valdi sem handhafar hennar hafa (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Póstmódernískur félagsfemínismi er róttæk þjóðfélagsleg gagnrýni sem byggir á því að endurskilgreina og brjóta upp lykilhugtök, en um leið viðurkenna og standa saman að tilteknum málefnum án þess að láta mismuninn sundra (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2000).

Árið 1949 bendir Simone De Beauvoir á að félagslegir þættir móta stöðu kvenna og sú staðreynd að konur ganga með börn hefur haft áhrif á kyngervi þeirra og stöðu innan samfélagsins (McGee og Warms, 2008). Samkvæmt Harriet Bradley (1989) urðu kvennastörf til með iðnbyltingu og kapítalismanum. Staðan er því félagsleg afurð samfélagsins og háð breytingum sem verða í samfélaginu. Það eru því félagsleg viðhorf til stöðu konunnar, frekar en raunveruleg staða á vinnumarkaði, sem ráða hugmyndum um efnahagslega þátttöku. Þar er hugtakið fyrirvinna eitt sterkasta aflið til að halda konum niðri og hafa femínístar komið með hugtakið fjölskyldutekjur sem hefur sömu merkingu og fyrirvinna (Bradley, 1989). Sameiginlegur þráður allra femínískra hreyfinga í tíma og rúmi, felur í sér kenningar og skuldbindingar um að konur og karlar séu jafningjar á öllum sviðum. Þessi „kjarni“ reynir ekki að lýsa því sem er sameiginlegt eða ekki sameiginlegt með körlum og konum, né heldur er það markmið hans að útiloka karla og styðja eingöngu við bakið á konum (Þórana Elín Dietz, 2003).

2.1 Ólíkar tegundir femínisma

Kenningar frjálslyndra femínisma vekja athygli á félagslegu og efnahagslegu hlutverki kvenna í samfélaginu og tengsla þeirra við afbrot. Félagsleg hlutverk kvenna og lífshættir þeirra hafa breyst í gegnum tíðina og aukið hlutfall kvenna í afbrotum. Hin hraða aukning kvenna í afbrotum og við hverskyns glæpastarfsemi (þar sem karlar voru meira áberandi) má útskýra með kenningum femínista (Siegel, 2009). Með því er átt við að með auknu jafnrétti í þjóðfélaginu eykst þátttaka kvenna á sem flestum sviðum samfélagsins.

Fyrsta bylgja femínismans hófst á 20 öld. Með fyrstu bylgjunni fengu konur lagaleg réttindi, kosningarétt og pólitísk réttindi. Í annarri bylgju femínismans sem var á sjöunda áratugnum var almenn vitundarvakning hvað varða ójafnrétti kynjanna, stjórnmálaflokkar fóru í auknum mæli að beita sér fyrir réttindum kvenna. Í kringum 1990 varð þriðja bylgja femínismans til. Hún berst gegn vændi, útlitsdýrkun og launamun kynjanna sem og sameinar allar bylgjur femínismans. Þróun annarra bylgju femínisma leiddi til þess að afbrotafræðingar fóru að skoða konur meira í tengslum við afbrot. Gelsthorpe (2002) bendir á að jafnréttisbarátta kvenna hefur reynst góð og gefið konum aukin réttindi en nefnir að konur búa enn við launamisrétti, bera enn byrðar af heimilisofbeldi og er stanslaust verið að ýta undir staðalímyndir í samfélaginu. Jafnframt hafa slíkir þættir hafa áhrif á frávikshegðun kvenna og geta í raun ýtt undir hana.

Frjálslyndur femínismi leitast við að skilgreina kynjamismun í samfélaginu og menningunni. John Stuart Mill kom fyrst fram með hugtakið frjálslyndur femínismi. Samkvæmt frjálslyndum femínistum draga þeir athygli að mörgum litlum þáttum (launamismun, kynferðisofbeldi, fjölmiðlum ofl.) í samfélaginu sem veldur kynjamismun. Með því að einblína á þessa einstöku þætti þá eiga þeir í hættu á að sjá einungis þessa stöku þætti en ekki heildarmyndina um ójöfnuð kynjanna (Giddens, 2009). Sósíalískur femínismi þróaðist út frá kenningum Karl Marx (MacKinnon, 1982). Þessi tegund af femínisma nefnir að við endalok þrælahalds hafi komið fram nýtt þrælahald innan fjölskyldunnar þar sem gerðir og viðhorf voru kynjabundin. Kenningar Marx styðja við átakakenningar. Átakakenningar eiga sér langa sögu, upphafið má rekja til átjándu aldar. Hugsuðir innan annarrar kynslóðar átakakenninga einblína mikið á félagslega mismunun og þeim deilum sem oft einkenna samfélag hvers tíma (Giddens, 2009).

Samkvæmt róttækum femínisma eru karlar ábyrgir fyrir því að konur eru lægra settar í þjóðfélagsstiganum eða samfélaginu. Femínismi hefur breyst á undanförnum áratugum í takt við þjóðfélagsbreytingar. Nú er löngu liðin tíð að hægt sé að tala um femínisma í eintölu. Femínismi getur verið lífsskoðun, baráttuhreyfing, fræðasvið, kenningar, þekkingarfræði og pólitík, svo að fátt eitt sé nefnt. Áherslan á þessi mismunandi svið hefur verið breytileg í tímans rás. Í dag er mikil gróska í femínískri umræðu og kynjafræðum með ríkjandi áherslu á margbreytileika, frelsi og næmi fyrir mismun án þess að missa sjónar á valdamisræmi milli karla og kvenna (Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Róttækir femínistar telja að feðraveldið sé orsök þeirrar mismunar sem konur búa við. Fylgjendur róttæks femínisma líta svo því á feðraveldið sem frumorsökina fyrir lægri stöðu kvenna. Samkvæmt kenningunni á feðravaldið rætur sínar í líffræði og fjölskyldumynstri. Róttækir femínistar komu fram með slagorðið „það persónulega er pólitískt“, sem Rauðsokkahreyfingin tók upp hér á Íslandi. Það getur t.d. þýtt að verkaskipting á heimilum og hver grípur fram í fyrir hverjum í samræðum, varpi ljósi á ríkjandi vald karla (Walby 1997).

2.2 Femínísk aðferðafræði

Femínískir rannsakendur þurfa að sannreyna að þekking sé sanngjörn, byggð á sönnunum og sögum sem segja sannleikann, jafnvel gefa sanngjarna gagnrýni á valdhafa sem og afneita slíku valdi. Á bakvið femíníska aðferðafræði liggja margskonar heimspekilegar rökræður um það hvernig þekking sé sannfærð og skilgreind (Ramazanoglu og Holland, 2002).

Á síðari árum hafa femínistar að sama skapi lagt áherslu á að rannsakendur geri sér grein fyrir valdaafstöðu sinni á vettvangi, að kyn þeirra hafi áhrif og að rannsakendur geti aldrei verið ósýnilegir í rannsóknum sínum, heldur hafi þeir áhrif á alla sem þeir hafa samskipti við. Að lokum má nefna að sjónarhorn femínista hefur ekki bara haft áhrif á rannsóknir sem snúa að konum, heldur líka rannsóknir sem snúa að minnihlutahópum almennt og þá gildir einu hvort um karla eða konur er að ræða (Þórana Elín Dietz, 2003). Aðferðafræði femínisma er ávallt að ögra þeim sannleika sem er virðist samfélaginu fullnægjandi hvað varðar tengsl kynja og þeim aldagamla karllæga heimi sem vísindi eru mótuð af. Þekkingarfræði femínismans hefur þróast í að gera kyn að mótandi afli í samfélaginu, stjórnmálum, tilfinningum og vísindalegum gögnum til þess að auka þekkingu á slíkri aðferðafræði (Ramazanoglu og Holland, 2002).

Á Íslandi hefur verið talað um að setja „kynjagleraugun“ upp og sú aðferðer hluti af femínískri aðferðafræði þar sem henni er beitt á hin ýmsu málefni til þess að vekja athygli á kynjamun í þjóðfélaginu. Til að ýta undir femínískt sjónarhorn í félagsvísindum hefur hlutur kvenna í rannsóknum verið aukinn, þá hvort heldur sem þátttakendur eða rannsakendur. Þá hafa margar af eldri rannsóknunum verið endurskoðaðar með tilliti til hvort og hvernig konur birtast í þeim. Að lokum hefur farið fram endurskoðun á kenningum sem í mörg ár sniðgengu konur að miklu leyti og byggðu á sjónarhorni karla (Þórana Elín Dietz, 2003). Áhugaleysi á afbrotum og refsingum kvenna hefur þau áhrif að skilningur á glæpum kvenna er lítill. Það hefur verið lítil þróun á þessu sviði sem gerir það að verkum að vísindalegar skilgreiningar og hugmyndafræði um konur sem afbrotamenn hafa ekki fengið samhljóm í samfélaginu og verið lítið gagnrýndar (Aker og Sellers, 2004). Carlen (1992) telur að það séu vandkvæði á femínískri afbrotafræði þegar að rannsaka á konur. Hann bendir á að afbrot kvenna séu lágstéttarvandamál sem leiðir af sér að stéttabarátta sé frekar verðugt rannsóknarefni í stað kynjamisréttis. Þá eru kynþáttavandamál meðal ákveðinna kynþátta sem segir okkur að vandamálið sé kynþáttamisrétti. Með þessu telur Carlen að vandamál kvenna séu oftar en ekki sprottin af annarskonar misrétti, konur sem eru í fangelsi eru margar hverjar mjög fátækar og hafa fá úrræði og sé þetta lágstéttarvandamál. Hann telur að kynjamisrétti eigi ekki heima í slíkri umræðu.

2.3 Femínískar kenningar innan afbrotafræðinnar

Kenningar eru gagnlegar til þess að hjálpa okkur að skilja heiminn í kringum okkur. Í afbrotafræði hjálpa þær okkur að skilja grundvöll refsivörslukerfisins og þeirra leikmanna sem eiga þangað erindi. Kenningar femínista reyna að skilgreina afbrotafræði sem fræðigrein og

refsivörslukerfið með þeirri reynslu, skilningi og upplifun sem konur hafa af heiminum. Kenningarnar reyna að vinna gegn flestum hefðbundnum kenningum innan afbrotafræðinnar sem hafa verið þróaðar, prófaðar og beitt, af karlmönnum fyrir karlmenn (Akers og Sellers, 2004). Kenningarnar gerðu ekki ráð fyrir konum sem afbrotamönnum og voru flestar miðaðar við raunheim karlmanna.

Femínísk afbrotafræði 20 aldar hefur reynt að breyta þeirri karlmennskuímynd sem glæpir, frávik og félagslegt taumhald hefur byggt á og kallað eftir því að athygli beinist einnig að konum innan slíkrar þekkingar. Sjónarmiðsfemínisminn bendir á að það sé samband á milli valds og þekkingar þegar kemur að túlkun og gjörðum glæpa (Naffine, 1996). Dorie Klein og June Kress (1976) ásamt Pat Carlen (1988) komu fram með hugmyndafræði af fyrstu bylgju í femínískri afbrotafræði. Klein og Kress segja að kvenkyns afbrotamenn hafi afar sjaldan verið teknar sem skynsamar eða framið afbrot vísvitandi. Þeir sögðu að konur sem frömdu afbrot hafi ekki verið teknar alvarlega miðað við karlkyns afbrotamenn, sem voru taldir ógnandi. Þess í stað voru konur skotmörk rannsókna þar sem afbrot þeirra voru útskýrð með tilliti til kyns og kynhneigðar þeirra (Klein og Kress, 1976; Smart, 1977).

2.4 Kynjasýn Chivalry tilgátunnar

Kenningar femínisma innan afbrotafræðinnar gera ráð fyrir að flestar stofnanir samfélagsins geri greinarmun á afbrotum kvenna og karla. Ein af þeim er tilgáta Chivalry en hún snýst um það hvernig lögreglan, lögfræðingar og dómarar hafa hefðbundna og gamaldags sýn á konur og stelpur sem fremja afbrot. Tilgáta Chivalry er viðurkennd innan þekkingarfræði femínismans þegar skoðuð eru afbrot kvenna og hafa margir fræðimenn rannsakað tilgátuna. Ein af langlífustu tilgátum hvað varðar mun á milli kynja er Chivalry og sú hugsjón að karlmaðurinn verði að vernda konuna fyrir samfélaginu. Karlar þola ekki að ásaka konur né dæma þær til refsingar, lögreglumenn vilja helst ekki handtaka þær og dómarar vilja ekki dæma þær sakhæfar (Pollak, 1950). Hugsjón Pollak er þó nokkuð úrelt en tilgáta Chivalry er í grunninn sú að konur fái mýkri meðhöndlun en karlar. Samkvæmt tilgátu Chivalry takalögreglumenn oft vægar við kvenkynsafbrotamenn heldur en karlkynið. Með því er átt við þá tilgátu að lögreglumenn sýna af sér ákveðna samúð og mismuna á grundvelli gerendahæfni (Akers og Sellers, 2004).

Tilgáta Chivalry er byggð á því hversu lág afbrotatíðni kvenna er og hversu fáar konur eru í fangelsi. Rannsóknir hafa verið gerðar með þessa tilgátu í huga, í nokkrum Evrópulöndum en sú helsta er rannsókn sem gerð var í Frakklandi og Bretlandi þar sem kvenkyns og karlkyns afbrotamenn voru bornir saman og staða þeirra í réttarkerfinu en einnig

var rannsakað viðhorf dómara til brotamanna. Niðurstaða rannsakenda var að konur fengu öðruvísi meðhöndlun meðal dómara. (Hedelsohn og Farrell, 2003; Gelsthorpe og Loucke, 1997). Ný íslensk meistararitgerð Helgu Völu Helgadóttur (2011) um meðhöndlun íslensk réttarkerfisins á brotakonum leiða í ljós svipaðar niðurstöður. Hún telur að þeir sem starfa innan réttarkerfisins geri sér grein fyrir ríkjandi kynjamismun, jafnframt að konur fái misskilda mannúð. Réttarkerfið er þar af leiðandi ekki að taka á þeim málum til jafns við karla sem gerir það að verkum að konur eru oft verr settar og fari á mis við það forvarnar- og betrunargildi sem felst í því að konur séu dæmdar til refsingar.

Samkvæmt rannsókn Farrington og Morris (1983) fá konur almennt styttri refsingu en karlar og kvenkyns afbrotamenn eru mun líklegri til að mæta fyrir dómara í fyrsta sinn. Þær hafa þá framið minniháttar afbrot. Þegar ákveða á refsingu í refsivörslukerfinu er tekið tillit til nokkurra þátta líkt og fyrri afbrot, alvarleika brota og aðstæðna.Refsivörslukerfið virðist líta á konur öðruvísi en karla ef horft er til dóma. Þeir telja ekki að samfélaginu stafi ógn af konum og þannig er horft á glæpi kvenna þannig að þeir séu ekki vandamál. Þessi hugsjón skilar sér í þá félagslegu umgjörð sem samfélagið er.

Smart (1977) segir að með því að taka undir þá staðhæfingu að afbrot kvenna séu ekki félagslegt vandamál hafa konur ekki rannsakaðar sem glæpamenn því félagslega umgjörðin hefur áhrif, rannsakendum vantaði fjárstuðning til rannsókna og slíkt er erfitt þegar hvorki ríkið, samfélagið og hin „hefðbundna“ afbrotafræði sýnir því lítinn áhuga. Það er því ekki langt síðan konur fóru að vera rannsakaðar sem gerendur líkt og Smart (1977) nefnir, en á hennar tímum voru konur ekki stór hópur gerenda. Sem betur fer hefur verið orðið vitundarvakning á síðustu áratugum þar sem kastljósinu er beint að konum sem gerendum og sýnir það sig í auknum rannsóknum í femínískum afbrotafræðum. Hins vegar er kynjasýn stofnanna enn við lýði og það virðist vera algengt að dómarar gefi sér ákveðna staðalímynd af konum sem fremja afbrot í samfélaginu sem mótast af félagslegri stöðu þeirra (Margrét Sæmundsdóttir, 2005). Þessar niðurstöður og fleiri eru í samræmi við tilgátu Chivalry um viðhorf þeirra sem starfa innan refsivörslukerfisins.

2.5 STAÐALÍMYNDIR

Samkvæmt röksemdum femínisma um tilgátu Chivalry og feðraveldi, þá leiða staðalímyndir um kynin til mismunandi meðhöndlunar kvenkyns afbrotamanna. Slíkar staðalímyndir byggjast á þeirri skoðun að konur séu óvirkar hlutlausar mannverur sem hafa ekki líkamlegan styrk og eiga við andlega erfiðleika að stríða, samanborið við karlmenn, og þar af leiðandi eru þær háðar þeim fyrir þeirra eigin öryggi og lífshamingju (Curry, Lee og Rodriguez, 2004).

Þegar skoðað er refsivörslukerfið með tilgátu Chivalry í huga horfir það á konur sem hlutlausa einstaklinga sem leiðst hafa á braut frávikshegðunar þar sem fíkniefni og vændi spila stórt hlutverk. Það gerir það að verkum að þær þurfa verndun frekar en refsingu í dómskerfinu samkvæmt þeirri tilgátu að konur séu ófærar um að fremja glæp. Þar sem tilgáta Chivalry snýst um að dómskerfið taki mið af raunheim karla, nefna Curry og félagar (2004) að með því að dæma konur til fangelsisvistar sé í raun verið að stefna þeim í frekari hættu þar sem þær eru varnarlausar og ósjálfstæðar að eðlisfari. Staðalímyndir um konur hafa því áhrif á alvarleika dóma samanborið við karlmenn. Vinsæl staðalímynd af kvenkyns afbrotamanni er að þær séu móðursjúkar, óskynsamar og ófærar um að bera fulla ábyrgð á gjörðum sínum vegna þeirrar líffræðilegu staðreyndar að þær eru konur (Allen, 1987). Karlkyns glæpamenn hafa á hinn bóginn fengið stimpilinn að vera afvegaleiddir, veikir eða vondir en jafnframt skynsamir (Merton, 1938). Karlmenn fremja glæpi af ástæðu og tilefni en kvenkyns brotamenn ekki (Allen, 1987). Karlmennska (*e. masculinities*) er eiginleiki sem allir karlar eiga sameiginlegt. Hann breytist og þróast eftir kynþætti, efnahagsstöðu og kynhneigð hvers manns. Afbrot karlmanna getur verið tilraun til þess að öðlast slíka karlmennsku sem sannar svo þennan sameiginlega eiginlega karla (Akers og Sellers, 2004).

Staðalímyndin sem búin er til af samfélaginu af konum og körlum hefur svokölluð margfeldniáhrif á félagslega stefnu samfélagins gagnvart konum og þeirra upplifun af refsivörslukerfinu. Með öðrum orðum hafa fyrirfram mótaðar hugmyndir okkar um staðalímyndir karla og kvenna, ómeðvituð áhrif á refsivörslukerfið, dómskerfið og þá stefnu sem opinberar og einkareknar stofnanir hafa. Það eru slíkar staðalímyndir sem hafa áhrif á það hvernig viðhorf samfélagið hefur á konur sem getur síðar haft áhrif á frávikshegðun kvenna (Gilbert, 2002).

2.7 Feðraveldi

Í fjölskyldum þar sem jöfnuður ríkir (*e. egalitarian family*), alast börn upp í umhverfi sem hefur síðar meir áhrif á sýn þeirra á staðalímyndir í samfélaginu. Í fjölskyldum þar sem móðir og faðir vinna bæði utan heimilis, deila valdi og stöðu innan fjölskyldunnar, hefur það áhrif á frávikshegðun einstaklinga. Hefðbundnar feðraveldisfjölskyldur hvetja til frávikshegðunar karla á meðan þær hamla sömu hegðun kvenna (Akers og Sellers, 2004). Stjórnunarkenning (*e. power-control theory*) Hagans og McCarthy (2000) styður við þessar hugmyndir því hann telur að innan fjölskyldu feðraveldis þá séu drengir líklegri til afbrota vegna þess að stúlkurnar eru undir stöðugu eftirliti (Akers og Sellers, 2004). Ólík félagsmótun kynjanna gefur aukinn gaum að frávikshegðun kvenna og karla. Feðraveldi (*e. paternalism*) er

skilgreining á þeirri kenningu að karlar hegða sér þannig að konur og stúlkur eru lægra settar í samfélaginu (Akers og Sellers, 2004).

Feðraveldið getur sýnt sig innan stofnana samfélagins, einkafyrirtækja, í orðræðum og innan heimilisins. Feðraveldið var áberandi á síðustu öld þar sem þjóðir börðust með karlmannlega karlmenn innanborðs og konurnar biðu heima, ólu börn og sinntu heimilisverkum. Staða kvenna var innan veggja heimilisins. Umönnunarskylda með börnum og heimili er enn meira sett á konur en karla sem stuðli að því að konum takist betur að halda sig á vegi dyggðanna en körlum. Sjálfsmynd kvenna sé meira tengd móður- og umönnunarhlutverki og líklegt að meiri ábyrgð þeirra á heimili og börnum, hjálpi þeim að halda aftur af sér þegar tækifæri gefst til glæpsamlegs athæfis (Helgi Gunnlaugsson, 2003a).

Ekki er til nein ein rétt útskýring á femínískum afbrotafræðikenningum en flestar einblína á feðraveldið og það hlutverk sem það spilar innan samfélagsins. Femínískar kenningar eru enn í þróun, engin ein útgáfa er betri en hinar. Þær reyna að útskýra hvers vegna karlar fremja fleiri glæpi en konur, það hlutverk sem samfélagið gefur konum, upphefja styrkleika þeirra og veikleika til þess að reyna að útskýra afbrot kvenna (Smart, 1977).

3. STIMPLUNARKENNING

Stimplunarkenningin er partur af kenningu samstöðusjónarhornins (*e.interactionist view*). Samstöðusjónarhornið byggist á því að hinir mismunandi hlutar samfélagsins vinni í sameiningu að því að uppfylla þarfir heildarinnar (Helgi Gunnlaugsson, 2000).

Stimplunarsjónarhornið naut töluverðra vinsælda í félagsfræði og afbrotafræði á sjöunda og áttunda áratug tuttugustu aldar. Kennismiðir þess boðuðu breytta sýn á rætur frávikshegðunar, einkum afbrotahegðunar og geðrænna vandamála. Stimplunarsjónarhornið benti aftur á móti á að frávikshegðun kallar oft á viðbrögð frá samfélaginu, viðbrögð sem eru þess eðlis að samfélagsleg staða og sjálfsmynd hins stimplaða frávika gjörbreytast (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Í afbrotafræði er gjarnan fjallað um frávik sem einhverskonar brot eða óhlýðni á venjum og gildum í samfélaginu. Það er brot á viðmiðum samfélagsins sem eru í raun óskráðar reglur og væntingar um hegðun einstaklinga (Jón Gunnar Bernburg, 2004). Stimplunarkenningin gerir ráð fyrir því að viðbrögð þjóðfélagsafla við glæpum geti spornað gegn frekari þróun glæpahegðunar (Bernburg, Krohn og Rivera, 2006). Vegna útbreiddra staðalmynda af frávikum í samfélaginu yrði frávikastimplun að einskonar brennimerki (*e.stigma*) sem viðhéldi og ýtti undir áframhaldandi frávikshegðun (Jón Gunnar Bernburg, 2004).

Þjóðfélagshópar móta frávikshegðunina (glæpsamlega hegðun) með því að búa til viðmið og gildi samfélagsins og með því að hafa þessar reglur eru einstaklingar sem brjóta þær, ekki fullgildir meðlimir samfélagsins, þeir eru því utanaðkomandi (e.outsiders). Frá slíku sjónarhorni er frávikshegðun ekki sú athöfn sem einstaklingurinn framkvæmir heldur afleiðing af þeim gildum og reglum samfélagsins sem almenningur stimplar sem eðlilega eða ekki (Becker, 1963). Viðbrögð samfélagsins við frávikshegðuninni hefur því áhrif á stimplun einstaklings. Ervin Goffman rannsakaði samskipti fólks. Hann kannaði sérstaklega svokölluð "brennimerkt hlutverk" og þau viðbrögð og atferli sem fylgja þeim. Hann leit svo á að samfélagið stimpli tiltekna einstaklinga sökum útlits, viðhorfa eða athafna (Goffman, 1963). Slíkir stimplar eru varhugaverðir, einstaklingar eru jafn mismunandi og þeir eru margir og bregðast hverjir við stimplinum mismunandi.

Link og Phelan (2001) nefna að stimplun einstaklings á sér stað þegar staðalímyndir, aðskilnaður, stöðumissir og mismunum eigi sér stað samtímis í valdaaðstæðum sem gera það mögulegt. Stimplun vísar til þess þegar menning samfélags flokkar einstaklinga á grundvelli einkenna eða eiginleika sem talin eru skipta máli.

Kennismiðir hafa lagt áherslu á umbreytingu sjálfsins, að stimplun og brennimerking móti samskipti einstaklingsins við annað fólk og valdi þannig umbreytingu á sjálfsmyndinni Sjálfsmynd hins brennimerkta mótast af stöðluðum, eða fordómafullum væntingum fólks gagnvart honum og fer hann að hegða sér í samræmi við þá stöðluðu mynd sem aðrir hafa af honum (Jón Gunnar Bernburg, 2004).

3.1 Áhrif stimplunar á konur

Hlutskipti þeirra kvenna sem eru dæmdar fyrir afbrot er oft á tíðum tvískipt. Þær hafa brotið gegn viðmiðum samfélagsins en einnig brotið þau hefðbundnu gildi kvenleikans (*e. femininity*). Þá finna þær til ákveðinnar brennimerkingu (*e. stigmatised*) sem afbrotakonur og upplifa þá tilfinningu einnig í gegnum dómskerfið (Heidensohn og Farrell, 2003).

Í rannsókn Fischer og Geiger (2005) á þeim áhrifum sem stimplunarkenningin hefur á konur kom í ljós að afleiðingar stimplunar eru misjafnar eftir kyni. Að nefna einstakling sem fremur afbrot, glæpamann, vændiskonu, fíkniefnaneytanda eða seljanda og óhæft foreldri getur neytt þá einstaklinga í niðrandi hlutverk og frávikshegðun. Viðbrögð samfélagsins við fordæmingu einstaklings getur leitt af sér hvernig viðkomandi sér sjálfann sig og hvernig hann skilgreinir sína persónu. Þeir einstaklingar eru þá neyddir til að skipuleggja líf sitt og kennileiti í kringum þann stimpil sem þeir fá. Að lokum draga slíkir einstaklingar sig frá hefðbundnum hópum og starfsemi í samfélaginu (Lemert, 1972).

Í rannsókninni kom í ljós að kvenkyns afbrotamenn áttu í erfiðleikum með að finna afsakanir fyrir glæpsamlegu hegðun sinni öfugt við karlana. Í rannsókninni sáu konurnar sem voru mæður, börnin sín sem fórnarlömb glæpahegðunarinnar. Konurnar áttu í erfiðleikum með að finna réttlætingu á afleiðingum gjörða sinna þar sem börnin þeirra voru yfirgefin af mæðrum sínum og slík hegðun er ekki réttlætanleg. Afbrotakonur eru því dæmdar af samfélaginu fyrir lögbrot sitt en einnig fyrir að uppfylla ekki kröfur samfélagsins sem heiðvirð kona. Leið kvennanna í rannsókninni fyrir réttlætingu stimpilsins var sú að þær voru tilbúnar til að samþykkja þann stimpil að vera vændiskona eða fíkniefnaneytandi en voru fullar ákafa þegar skilgreiningin á „geðveiki“ bar upp og neituðu slíkum stimpli (Geiger, 2002).

Niðurstöður rannsóknarinnar Fischer og Geiger (2005) gáfu til kynna að konurnar ættu í erfiðleikum með þann stimpil að vera óhæfar mæður, en afbrotahegðunin leiddi til þess að þær yfirgáfu börnin sín. Konurnar og karlarnir töldu afbrotahegðun sína vera vegna aðstæðna úr æsku sinni og höfðu upplifað margskonar ofbeldi á æskuárum sem þau töldu hafa mótað veginn á leið afbrota. Sú stimplun sem samfélagið gefur afbrotamönnum virðist hafa

víðtækari áhrif á konur en karla, þá sérstaklega að vera stimplaðar óhæfar mæður. Það að vera skilgreindur sem glæpamaður, vændiskona, fíkniefnaneytandi eða óhæft foreldri getur verið öflugt tæki til að skapa neikvæða ímynd hins stimplaða. Nauðsynlegt er því að reyna að skilja þær réttlætingar sem samfélagið gefur og þá stimplun sem afbrotamenn verða fyrir (Fischer og Geiger, 2005).

Slíkar staðhæfingar gefa til kynna að samfélagið samþykkir ákveðna stimplun hjá konum en sú skilgreining að vera andlega vanhæfur er ekki partur af því. Femínistar hafa gagnrýnt samfélagið fyrir slíka stimplun, en femínistar vilja meina að þegar konur fremja glæpsamlega hegðun verður endurhæfingin oft í formi lyfja og sálfræðiaðstoðar vegna þess að slíkar konur falla ekki undir hin stöðluðu kynhlutverk (Geiger, 2002).

Stimplunarkenningin er sá hluti af kenningarlegri afbrotafræði sem fær nokkra athygli þegar kemur að því að útskýra þá samfélagslegu mótun sem afbrotamenn verða fyrir og hvernig upplifun þeirra er. Samkvæmt því kallar frávikshegðun á viðbrögð frá samfélaginu líkt og Link og Phelan (2001) nefna hér að framan þá eru staðalímyndir hluti af stimpluninni þar sem samfélagið flokkar einstaklinga á grundvelli eiginleika þeirra. Staðalímyndir af konum sem fremja afbrot virðist hafa áhrif á það hvernig þær upplifa sjálfa sig og þá sérstaklega þeim neikvæða stimpil sem fylgir því einnig að vera móðir. Slíkt hefur áhrif á það hvernig konur horfa á sig og getur leitt af sér frekari frávikshegðun (Fischer og Geiger, 2005; Byrne og Threw, 2008). Stimplun er áhrifarík þegar horft er það hvernig konur upplifa sig í móðurhlutverkinu og þegar samfélagið telur þær bregðast skyldum sínum og stimplar þær sem óhæfar mæður verður stimplunin órjúfanlegur partur af sjálfi þessara kvenna og stimplunarkenningin hefur sýnt það að afleiðingar stimplunar eru oftast neikvæðar (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

4. KONUR OG AFBROT

„Traust verður til þegar samfélag deilir gildum sínum,
þannig verða til væntingar um heiðarlega hegðun.“
(Fukuyama, 1996, bls 153).

Þegar konur fengu sjálfstæðan tilverurétt og þær fengu lagalegt frelsi varð hegðun þeirra karlmannlegri og afbrotatíðni jókst í kjölfarið (Campbell, 1993). Staðalímynd afbrotamanns líkt og áður hefur komið fram, hefur lengst af verið karlkyns og færri konur fremji alvarleg afbrot en karlar. Slíkar staðreyndir gera það að verkum að afbrot kvenna hafa síður flokkast sem félagslegt vandamál og þau afbrot sem konur fremja eru ekki talin „alvarleg“ vandamál. Hefðbundin afbrot tengjast oft meira hinu opinbera lífi sem gegnum tíðina hefur verið vettvangur karla frekar en kvenna. Þessar hugmyndir gerðu almennt ráð fyrir því að karlar sýni sjálfstæði, frumkvæði og áræði og jafnvel árásargirni sem felur í raun í sér hömluleysi og frelsi án taumhalds og stjórnunar. Afbrotahegðun getur því orðið ein afleiðing þessara væntinga (Helgi Gunnlaugsson, 2000). Hugmyndir um stöðu kvenna var hins vegar mörkuð af meiri óvirkni, samúð, blíðu, ósjálfstæði og óframfærni. Allt eru þetta þættir sem tengjast hömlum og taumhaldi og geta auðveldlega haldið aftur af athöfnum kvenna og heft frelsi þeirra. Konur hafa aukið þátttöku sína á vinnumarkaðinum en ekki til jafnra áhrifa né umbunar. Hugmyndirnar um ólík hlutverk kynjanna hafa ekki breyst að sama skapi (Helgi Gunnlaugsson, 2000).

4.1 HUGMYNDIR UM LÍFFRÆÐILEG ÁHRIF Á AFBROT KVENNA

Þegar áhugi á afbrotum kvenna jókst komu fram ýmsar útskýringar á hegðun þeirra. Smart (1977) nefnir að sú hugmyndafræði sem hefur fékk mestan hljómgrunn um líffræðilegar ástæður af hverju konur fremja afbrot á síðustu öld, eru hugmyndir Lombroso frá árinu 1895. Samkvæmt kenningu Lombroso telur hann að kvenkynsafbrotamenn skorti það móðureðli sem á að vera öllum konum eðlislægt. Lombroso taldi jafnframt að ef konu skorti móðureðli yrði frávikshegðun auðveldari og sú hegðun líklegri að tilheyra karlkyninu. Konur sem fremdu afbrot eru þar af leiðandi líkari karlmönnum vegna skorts á kveneðli.

Hugmyndir Pollock frá árinu 1950 styðja við líffræðilega kenningu Lombroso um kvenkyns afbrotamenn. Pollock kemur jafnframt með annað sjónarhorn. Hann gerir ekki ráð fyrir að konur fremji færri glæpi en karlar, hann segir að konur séu frekar hæfari glæpamenn vegna þeirra líffræðilegu og félagslegu þátta sem þær búa yfir eins og að ljúga, blekkja og

svíkja. Hann segir jafnframt að konur eigi oft upptök að afbrotum og ýti undir afbrot karlkyns afbrotamanna til þess að brjóta af sér. Það er hins vegar staðreynd að karlar fremja fleiri ofbeldisglæpi en konur. Rhodes (2000) nefnir að konur geta verið hættulegar og ofbeldishneigðar jafnt og karlmenn ofbeldishneigiðin þroskist síðar hjá konum en körlum vegna líffræðilega þátta sem hafa þar áhrif eins og testósteróns. Karlar eru hlutgerðir sem ofbeldishneigðara kynið þar sem þeir fremja fleiri ofbeldisglæpi. Skoðun Rhodes er umdeild vegna þeirra alhæfingar að það sé líffræðileg ástæða fyrir ofbeldi hjá körlum. Umdeilt er að áætla að líffræðileg ástæða fyrir ofbeldi hafi meira vægi en félagslegir þættir eins og aðstæður, persónuleiki og uppeldi. Tíðni ofbeldisbrota sem við sjáum hjá karlmönnum má hinsvegar skýra með kenningu Rhodes (2000) en fleiri þættir koma líka til greina. Þær skýringar og ástæður sem gefnar eru fyrir þátttöku kvenna í afbrotum hafa margar hverjar verið litaðar af karlrembu og eru ófullnægjandi. Þema skýringanna er að konur koma frá ofbeldisfullum fjölskyldum eða að fátækt kennir naktri konu að spinna. Mikilvægt er þó að muna að þessar skýringar eiga sér stað en slíkar fullyrðingar eru ófullkomnar útskýringar á þátttöku kvenna í afbrotum. Rökréttar skýringar á þátttöku kvenna í glæpastarfsemi eru margar og konur geta haft mjög sterkar ástæður til að fremja tiltekna glæpi. Rökfræði og skynsemi fylgir mörgum skipulögðum afbrotum og fremja konur glæpi til að öðlast persónulegan ávinning. Slíkar skýringar hafa í gegnum áratugina verið að mestu leytið hunsaðar en þessar sömu útskýringar hafa verið í boði fyrir refsinæmi karla (Davies, 1999).

Femínistar hafna slíkum kenningum að konur fremji afbrot vegna kyns síns og geti þar af leiðandi ekki tekið þá sjálfstæðu ákvörðun að fremja lögbrot. Femínistar benda á að þrátt fyrir að tími líffræðilegrar nauðhyggju sé liðinn sé enn horft á þann þátt sem afgerandi í rannsóknum á konum og lögbrotum. Sumir afbrotafræðingar tengja saman meðgöngu, tíðahring og hormónaójafnvægi til þess að útskýra hvers vegna konur fremja glæpi og slíkt hefur verið nefnt sem afsökun þegar að þær fremja glæpi (Burke, 2001). Slíkt geta konur notfært sér vegna þeirra staðreyndar að líkami þeirra er frábrugðinn karlmönnum. Vegna þessa staðreynda vanrækir samfélagið að horfa til annarra þátta sem hafa afgerandi áhrif á kvenkynsafbrotamenn; efnahagslega, félagslega og menningarlega ástæður (Burke, 2001).

4.2 Hugmyndir um félagsleg áhrif á afbrot kvenna

Daly (1993) hefur borið kennsl á nokkrar leiðir kvenna á braut afbrota. Konur sem alast upp við fátækt og hafa lítið tengslanet fara á slóð afbrota í gegnum samband við ofbeldisfullann maka eða vini þar sem pressa er á konunni að selja fíkniefni eða sjálfa sig. Jafnframt getur ástæðan verið efnahagslegur ávinningur sem konurnar sjá, þær laðast að peningunum og

loforðum sem togar í þær. Búðarþjófnaður er dæmi um það, peningarnir eða efnahagsleg umbun sem hlýst af búðarhnupli má vera aðlaðandi fyrir suma kvenkyns afbrotamenn. Carlen (1988) nefnir þó að fátækt og tengslanet kvenna við afbrotamenn er ekki almenn og alhliða skýring á þátttöku kvenna í afbrotum. Konur sem fremja afbrot eru oft flokkaðar sem ósamkvæmar manneskjur sem hafa mistekist að uppfylla væntingar samfélagsins. Það sem er raunverulega að gerast þegar talað er um árásargirni karla og kvenna, er að hún birtist misjafnlega og upptök sín eiga sér ólíkar rætur (Gilbert, 2002).

Bridges og Beretta (1994) rannsökuðu það hvernig einkenni og gildi yfirvalda varðandi refsivörslukerfið, heilbrigðiskerfið og efnahagsþátttaka kvenna hefði áhrif á líkur þess að konur afplánuðu fangelsisvist. Þar sem rannsakendur stjórnuðu fyrir breytunni handtökutíðni, komust þau að því að þau ríki sem voru með hátt hlutfall í atvinnuþátttöku kvenna voru með hærri tíðni hjá kvenkynsafbrotamönnum. Möguleg útskýring á því er sú firring sem að konur sem fara út á vinnumarkaðinn upplifa, launamismunur kynjanna og að þurfa að vera með ábyrgð á heimilishaldi til viðbótar við vinnu utan heimilis. Helgi Gunnlaugsson (2008) nefnir að sumir afbrotafræðingar hafa haldið því fram að þessi staða kvenna á heimilinu haldi aftur að þeim þegar kemur að öðrum ytri veruleika, hvort sem það eru möguleikar í frama í vinnu eða afbrotum.

Rannsókn Beth Richie (1996) á kvenkyns föngum leiddi til þeirra niðurstöðu að konur sem fremja afbrot eru í „kynjagildru“. Richie nefnir að margar af þeim konum sem hún talaði við telja að afbrotahegðun þeirra sé rökrétt framhald af samfélaginu sem þær ólust upp í, viðhorf til kynjanna og því ofbeldi sem þær upplifðu í nánum samböndum. Með því eiga þær við þá stöðu sem þær voru fæddar í sem konur, þær fengu mikla athygli og tækifæri til að hegða sér eins og góðar stelpur gera (samkvæmt staðalímyndinni). Samt sem áður voru þær þjakaðar af þeirri hugmynd að þær ættu að kunna að haga sér vel því að fjölskyldur þeirra ætluðust til ákveðinna hluta af þeim, eignast börn og sinna heimili. Flestar sögðu að slíkt uppeldi hefði alið af sér þá umönnunarhlutverk sem þeim væri ætlað, hugsa um þarfir annarra en ekki sjálfs síns. Slíkt gerði það að verkum að þær voru berskjaldaðar fyrir ofbeldi sem fullorðnar manneskjur. Margir þættir hafa þar áhrif á konurnar. Uppeldi, samfélag, væntingar og skilgreiningar kvenna á stöðu sinni (Richie, 1996).

4.3 Kynjuð frávikshegðun

Kenning sem var vinsæl á 6. áratug síðustu aldar er sú að konur séu einfaldlega slóttugri eða lævísari en karlar og láti ekki koma upp um sig. Hugmyndin var sú að það sem konur hafi í flestum tilfellum ekki sama líkamlega styrk og karlar verði þær að beita öðrum aðferðum og

þá fyrst og fremst klókindum. Önnur kenning sem er svipuð þessari og var vinsæl á svipuðum tíma, var sú að glæpir kvenna væru duldari en karla að því að þær væru oftar aðstoðarmenn þeirra og ef að það komst upp um glæpinn voru karlmennirnir svo miklir heiðursmenn að þeir tækju alla sökina á sig. Þessar kenningar eiga reyndar ekki upp á pallborðið núna og skýra ekki muninn á milli afbrotatíðni kynjanna. (Helgi Gunnlaugsson, 2008).

Gilfus (1992) bendir á mikilvægi þess að skilja eðli glæpahegðunarinnar, þær aðstæður sem leiða til glæpsamlegrar hegðunar ásamt ástæðum fyrir afbrotum bæði hjá körlum og konum. Jafnframt telur hann að mikilvægt að skoða þann „orðaforða“ og „orðræðu“ sem konur nota til að réttlæta glæpi sína. Byrne og Trew (2008) gerðu megindlega samanburðarrannsókn á afbrotum karla og kvenna. Rannsóknaniðurstöður leiddu í ljós að konur fara aðra leið en karlar í frávikshegðun sinni það er að segja frávikshegðunin var kynjuð (*e. gendered nature*) kynin fóru ólíka leið bæði í afbrotum og eftir fangelsisvist. Þær konur sem frömdu afbrot áttu það allar sameiginlegt að hafa lítið tengslanet, eiga við fjárhagserfiðleika sem og andlega erfiðleika að stríða, áfengisvanda og báru ábyrgð sem mæður.

Árið 1975 kom út merkilegt rit í afbrotafræðinni eftir Fredu Adler, *Sisters in Crime*. Þar var tekið á ósýnileika kvenna í afbrotum og hélt Adler því fram að skýra mætti óverulega hlutdeild kvenna í afbrotum út frá ólíkri þjóðfélagsstöðu karla og kvenna. Karlar hefðu verið meira ráðandi á vinnumarkaðinum á meðan konur voru heima fyrir bundnar bæði börnum og heimilinu. Þessar félagslegu aðstæður kynjanna gæfu kynjunum ólík tækifæri til athafna til að fremja afbrot. Adler spáði því að eftir því sem þátttaka kvenna myndi aukast á vinnumarkaðinum myndu konum fjölga og nálgast hlutdeild karla í afbrotum og smám saman ná jafnstöðu á því sviði eins og öðrum sviðum í samfélaginu (Helgi Gunnlaugsson, 2000). Adler hafði rétt fyrir sér með þátttöku kvenna á vinnumarkaðinum en hún hefur aukist mikið og hefur konum fjölgað í tengslum við afbrot á síðustu árum en hlutdeild kvenna í afbrotum hefur ekki ennþá náð körlum. Að því leyti hafði Adler ekki rétt fyrir sér, hlutdeild kvenna hefur ekki aukist jafn mikið og hún spáði fyrir um. Hinn dæmigerði afbrotamaður er ennþá í sömu staðalmynd og hann var á síðustu áratugum. Ungur lágstéttarmaður og hinn dæmigerði kvenkynsafbrotamaður er ennþá kona í minniháttar auðgunarbrotum og er þessi þróun eins milli landa. (Helgi Gunnlaugsson, 2000).

Kvenkyns handtökur fjölgar hratt, konur eru að fremja fleiri glæpi og ungar stúlkur ganga í svokölluð „gengi“. Þrátt fyrir þessa þróun þá er enn ágreiningur meðal afbrotafræðinga um helstu ástæður fyrir kynjabundnum glæpum. Sumir vilja meina að efnahagslegu misrétti kvenna sé um að kenna en aðrir segja að konur séu frábrugðnar

karlmönnum sem orsök. Karlar fremja frekar alvarlega glæpi eins og rán, innbrot, morð og líkamsárásir en konur fremja hin svokölluðu „hvítflibbabrot“ líkt og skjalafals en fremja þó líka aðra glæpi líkt og vændi. Samkvæmt Darrell Steffensmeier og félögum þá útskýrir fjölgun kvenna í afbrotum jafnframt breytta starfshætti lögreglu frekar en glæpastarfsemi. Lögreglan er viljugri nú á dögum til að handtaka konur miðað við fyrir 50 árum. Lögreglan svarar kröftuglega hinum opinberum kröfum um aðgerðir gagnvart glæpum frekar en að nota góðmennsku sína til að aðstoða „dömurnar“ líkt og gert var hér áður fyrr (Siegel, 2009).

Staða kvenna innan samfélagsins hefur aukist mikið með hugmyndum jafnréttisbaráttunar. Norðurlöndin teljast sem ákveðin fyrirmyndarríki þegar kemur að velferðarkerfi og jafnréttisbaráttu. Þrátt fyrir það fremja konur afbrot og undirstrikar það kenningar femínisma um efnahagslega og félagslegar ástæður fyrir afbrotum kvenna. Því er áhugavert að skoða hlutdeild kvenna í afbrotum á Norðurlöndum betur.

5. AFBROT KVENNA Á NORÐURLÖNDUM

Það er mat afbrotafræðinga að þegar bera á saman afbrot á milli landa er erfitt að finna samheiti yfir tegund afbrota sem flest lönd eiga sameiginlegt. Í skýrslu *European Sourcebook of Crime and Criminal Justice Statistics* (2010) var notast við ákveðinn mælikvarða á afbrot þar sem aðildarlönd voru beðin um að fylgja þessum viðurkennda staðli til þess að fá raunhæfan samanburð á milli landanna. Í þessari skýrslu eru einungis lögreglugögn en ekki opinber gögn og er það vandfarið að bera slík gögn saman.

Hins vegar gefur það ákveðna innsýn á það hvernig afbrot konur fremja helst og tíðni þeirra. Markmið European Sourcebook er að sýna sambærilegar upplýsingar um glæpi og afbrotatölfræði í Evrópu. Hinsvegar er það ávallt til umræðu hvort það sé gott að bera saman opinbera afbrotatölfræði til þess að marka stefnumótun innan sakamálakerfisins eða til þess að framkvæma rannsóknir á þessum grunni. Vandamálin aukast enn meira þegar það á að bera saman afbrot á milli landa vegna þess að löggæslan og réttarkerfið er misjafnt á milli landa, það hvernig löggjafinn starfar, söfnun tölfræðigagna og hvernig tölfræðin er framsett. Þegar kemur að kvenkyns brotamönnum sem frömdu afbrot innan Evrópulanda 2006 er breytileikinn nokkur innan Evrópuríkja, eða frá 4% til 40% en þegar að bera á saman Norðurlöndin er breytileikinn ekki jafn dreifður.

5.1 SAMANBURÐUR Á AFBROTATÖLFRÆÐI NORÐURLANDA

Samkvæmt opinberum gögnum eru afbrot kvenna yfirleitt minni háttar auðgunarbrot eins og hnupl, þjófnaður og skjalafals, eða brot án eiginlegs þolanda, eins og vændi eða fíkniefnaneysla. Karlar eru hins vegar ráðandi í ofbeldisbrotum, meiri háttar auðgunarbrotum og ekki síst í viðskipta- og stjórnmálatengdum glæpum (Helgi Gunnlaugsson, 2003c). Fíkniefnabrotum hefur þó fjölgað hér á Íslandi á síðustu áratugum, fleiri eru handteknir, kærðir og dæmdir fyrir fíkniefnabrot í dag samanborið við fyrri ár (Ríkislögreglustjórinn, 2008). Norðurlöndin hafa svipaða sögu að segja, fíkniefnabrotum fjölgar hægt og rólega nema í Svíþjóð þar sem hefur verið nokkuð hröð aukning (European Sourcebook, 2010). Bornar eru saman tölur frá árinu 2006 þar sem er farið ítarlega yfir afbrotatölfræði í Evrópu. Notast var við opinber gögn sem og lögreglu gögn til þess að fá innsýn í það hver hlutdeild kvenna í afbrotum á Norðurlöndum er.

Gögnin eru einungis til viðmiðunar og gefa okkur gott dæmi um hvert land fyrir sig. Ekki var unnt að fá nýrri tölur en frá 2006 þar sem samanburður milli landa var nokkuð erfiður, hagtölur hvers lands gefa misjafna sýn því ekki hafa öll Norðurlöndin sama heiti yfir hvern brotaflokk og skilgreiningar þeirra mismunandi. Alltaf er þó vandasamt að bera tölur af

þessu tagi saman þar sem skilgreiningar á brotum og skráningaraðferðir eru oft ólíkar (Rannveig Þórisdóttir og Helgi Gunnlaugsson, 2007).

Tafla 1. Samanburður á afbrotum kvenna á Norðurlöndum 2006.

	Ísland	Noregur	Danmörk	Svíþjóð	Finnland
Þjófnaður	23,6%	15,2%	24,3%	30,9%	24,5%
Auðgunarbrot	22,2%	25,2%	29,3%	26,8%	22,2%
Fíkniefnabrot	15,1%	20,0%	15,6%	14,9%	15,9%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%

(European Sourcebook, 2010; Statistiks Centralbyra, 2010 og Statistiks Denmark, 2010).

Tafla 1 sýnir hvaða afbrot konur fremja helst og er það þjófnaður,fíkniefnabrot og auðgunarbrot. Auðgunarbrot er yfirflokkur á skjalafals og svik. Þegar borið er saman þjófnað á milli landa kemur í ljós að Svíþjóð er með hæsta hlutfall kvenna innan þess flokks, eða um 30,9%. Lægsta hlutfall kvenna er í Noregi, eða um 15,2%. Þegar kemur að auðgunarbrotum er hlutfall kvenna hæst í Danmörku eða um 29,3% og lægst á Íslandi og Finnlandi með 22,2% hlutfall. Hvað varðar fíkniefnabrot er hlutfallið hæst í Noreg með 20% kvenna sem fremja slík brot. Ísland er með minnsta hlutfallið eða um 15,1%.

Tafla 2. Samanburður á afbrotum kvenna á Norðurlöndum 2006.

	Ísland	Noregur	Danmörk	Svíþjóð	Finnland
Ofbeldisbrot	8,6%	8,9%	11,2%	12,9%	13,8%
Rán	4,3%	6,9%	9,3%	8,9%	13,5%
Kynferðisbrot	1,8%	1,9%	2,1%	2,2%	3,0%
Alls	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

(European Sourcebook, 2010; Statistiks Centralbyra, 2010 og Statistiks Denmark, 2010).

Tafla 2 sýnir þau afbrot sem konur eiga hvað minnstu hlutdeild í og eru það ofbeldisbrot, rán og kynferðisbrot. Þegar kemur að ofbeldisbrotum var hlutdeild kvenna mest 13,8 % í Finnlandi. Minnst var hlutfallið á Íslandi eða um 8,6%. Hlutfall kvenna í Svíþjóð er um 12,9% og munar ekki miklu á milli Finnlands og Svíþjóðar. Ástæðan fyrir þessum mun geta verið margar, Ísland er ekki þekkt fyrir að vera með hátt hlutfall kvenkyns innflytjenda og

réttarkerfið er misjafnt á milli landa, þó sker Finnland sig mest úr af Norðurlöndum. Hlutfall kvenkyns innflytjenda er þó hátt í Svíþjóð líkt og í Finnlandi og telja afbrotafræðingar að slíkt hefur áhrif á afbrotatölfræði. Ef við samþykkjum ólíkt eðli kynjanna er ekki fráleitt að leiða líkur að því að karlar séu í eðli sínu, fremur en konur, ofbeldisfullir. Þegar svo miklu munar á tíðni karla og kvenna meðal afbrotamanna er ekki úr vegi að kalla ofbeldisvandamálið karlavandamál (Tryggvi Hallgrímsson, 2009).

Þegar kemur að hlut kvenna hvað rán og ofbeldisfull innbrot er hlutfall kvenna mest í Finnlandi um 13,5%. Hlutfallið er hins vegar lægst á Íslandi um 4,3%. Ekki er hægt að alhæfa um hvers vegna hlutfall kvenna er svo hátt í Finnlandi en hlutfall innflytjenda er nokkuð hátt vegna fyrri tengsla landsins við Austur-Evrópu. Hvað varðar kynferðisbrot er hlutfall kvenna lægst á Íslandi eða um 1,8% en hæst í Finnlandi, um 3,0%. Konur eru ákaflega lágt hlutfall þeirra sem fremja kynferðisbrot og má segja að þessi flokkur afbrota hefur er mest í umræðunni hjá femínistum vegna þess hlutskiptis sem karlar bera innan þessara tegund afbrota. Karlar eru líkamlega sterkari en konur og hafa kenningar femínisma um feðraveldi og líkamlegt atgervi (líffræðilegar ástæður) verið tengt því að karlar fremja helst kynferðisbrot.

Þegar skoðuð eru fyrirliggjandi gögn um afbrotatölfræði á Norðurlöndunum miðað við önnur Evrópulönd, kemur í ljós að afbrotatíðnin er mun minni á Norðurlöndum. Líkt og annarsstaðar í Vestur-Evrópu, upplifði Skandinavía aukna tíðni á glæpum eftir seinni heimsstyrjöldina. Eftir 1990 kom önnur sýn á afbrot sem ekki var fyrir með meiri sýnileika glæpa, ofbeldis gegn konum og börnum og aukningu í tilkynningu glæpa. Von Hofer (2005) telur það vera vegna hugmyndafræði sem jafnréttissjónarmið hófu í för með sér, en með því er átt við að á síðustu 30 árum hefur Skandinavía orðið víðast hvað fyrirmynd hvað varðar jafnrétti kynjanna og stefnumótun í þágu þeirra.

5.2 Úttekt á félagslegri stöðu kvenkyns fanga

Margrét Sæmundsdóttir útskýrir í skýrslu sinni *„Vangaveltur um félagslega stöðu kvenna í afbrotum“* sem var gefin út árið 2005 að staða kvenna innan veggja fangelsins er ekki til þess fallandi að betrum bæta einstaklinga. Hún nefnir að félagsleg staða kvenkyns afbrotamanna er mun verri en karlkyns brotamanna og kerfið, bæði refsivörslukerfið og félagslega kerfið hafi ekki sniðið þarfir kvenna að þessum málaflokki. Almennt hafa afbrot kvenna verið tengd við smávægileg þjófnaðarbrot og skjalafals en afbrot karlmanna við harðari brot eins og ofbeldi, rán og innbrot. Bendir ýmislegt til þess að konum sem fremja alvarleg brot sé að fjölga (Margrét Sæmundsdóttir, 2005).

Þegar skoðaðar eru tölulegar upplýsingar um kærð brot hér á landi og í löndunum í kringum okkur eru konur að meðaltali með um 18% af öllum kærðum málum. Í fangelsum er hlutfall kvenna af heildarföngum síðan að meðaltali um 6%. Konum hefur þó verið að fjölga hlutfallslega í fangelsum hjá stærri þjóðum s.s. í Ástralíu, í Bandaríkjunum og í Bretlandi og í raun hlutfallslega hraðar en karlmönnum. Á Norðurlöndunum hefur raunin ekki verið sú sama. Sumir fræðimenn telja að afbrotahegðun stýrist fremur af félagslegum áhrifum heldur en af kynferðislegum áhrifum. Þá hafa sumir talið að refsivörslukerfið ýti enn frekar undir að það sé þessi munur á milli kynjanna (Margrét Sæmundsdóttir, 2005).

Hátt hlutfall kvenfanga hefur alist upp við mikla óreglu í æsku, orðið fyrir kynferðislegri misnotkun eða ofbeldi af hálfu fjölskyldumeðlimar, vinar eða síðar sambýlismanns og þurft að glíma meira við fátækt. Þær finna oft meira fyrir sektarkennd heldur en karlfangar vegna þess að hátt hlutfall þeirra er mæður. Þá upplifa þær meiri einangrun vegna aðskilnaðar frá barni/börnum sínum eða vitandi að barn/börn þeirra hafa verið send í fóstur (Margrét Sæmundsdóttir, 2005). Í rannsókn Margrétar Sæmundsdóttur (2003) sem gerð var hér á landi á árunum 1998-2003 var athuguð félagsleg staða kynja, auk heilsufars og vímuefnasögu þeirra við upphaf afplánunar í fangelsi. Ennfremur var tekin inn breyta sem segir til um hvort viðkomandi hefði áður afplánað eða ekki. Í ljós kom að meirihluti kvenfanganna sem var að afplána í fyrsta sinn átti við mun meiri félags- og heilbrigðisvanda að stríða en karlmenn sem voru í sinni fyrstu afplánun.

Niðurstöðurnar sýndu jafnframt fram á að félags- og heilbrigðisvandi kvenfanga væri mun líkari félags- og heilbrigðisvanda karlfanga sem höfðu oft áður fengið fangelsisrefsingu. Meirihluti kvenfanganna hafði eingöngu lokið grunnskólaprófi eða 61% og rétt innan við 22% hafði byrjað í framhaldsskóla en hætt án þess að ljúka námi. Svipað var að segja um karlfangana og menntun þeirra en þó virtust þeir hafa í 10% tilvika meiri menntun, oftast þá iðnmenntun. Rúmlega helmingur eða 51% var einhleypur eða í lausu sambandi. Ekki var munur á milli kynjanna varðandi hjúskaparstöðu. Allmargir af kvenföngunum voru mæður eða 70% þeirra, en meirihluti þeirra eða 53% sagðist hins vegar ekki hafa haft barnið/börnin í sinni umsjón áður en afplánunin hófst. Þær sem bjuggu með barni voru langflestar einstæðar mæður. Fjórði hver kvenfangi sagði líkamlega heilsu sína góða en þær konur sem svöruðu því neitandi nefndu oftast öndunarfærasjúkdóma eða bakverki. Algengara var að konur finndu fyrir líkamlegri vanlíðan en karlmenn, þótt ekki hafi verið marktækur munur á milli kynjanna. Helmingur kvenfanganna sagðist eiga við þunglyndi/kvíða að stríða (Margrét Sæmundsdóttir, 2005).

Fíkniefnavandinn reyndist vera mikill á meðal kvenfanganna en nærri 81% þeirra sögðust hafa neytt fíkniefna áður en afplánun hófst sem mældist 13% hærra en hjá karlföngum. Um 70% kvennanna hafði farið í vímuefnameðferð áður en þær komu í fangelsið og af þeim hafði

helmingur þeirra farið oftar en þrisvar sinnum í meðferð. Algengara var að konur hefðu lengri meðferðarsögu en karlfangar (Margrét Sæmundsdóttir, 2003). Má því áætla að konur séu frekar sendar í meðferð frekar en að þurfa að afplána refsingu sína. Hlutfall kvenfanga á Norðurlöndum er ekki stöðugt. Eins virðast vera lítil sem engin tengsl á milli Norðurlandanna varðandi fjölgun eða fækkun kvenfanga. Erfitt er að fjalla um Ísland í þessu samhengi þar sem það þarf svo lítið til, til að það verði aukning eða fækkun á fjölda fanga (Margrét Sæmundsdóttir, 2005).

5.3 Konur og meðferð

Samkvæmt Gilligan (1982) þróast sjálfið (*e. identity*) hjá karlmönnum í samskiptum við umheiminn en hjá konum í tengslum við það hvernig við speglum okkur við aðra einstaklinga. Í rannsóknum hennar, komst hún að því að konur hafa það sameiginlegt að þær leggja rækt á sambönd sín við einstaklinga og það sé þeim eðlislægt að hugsa um aðra. Kenningar sem einblína á slíka þætti geta verið gagnlegar þegar að afbrotakonur eru að afplána dóma sína. Prógrömm fyrir kvenkyns fanga sem hafa það markmið að betrumbæta einstaklinga ættu að taka tillit til þeirra þátta sem konur hafa sameiginlega. Ekki má þó alhæfa að allar konur séu eins því kynþáttur, staða, menning og kynhneigð hafa þar mótandi áhrif.

Gilligan (1982) nefnir að þrátt fyrir muninn á milli kvenna sé þessi nálgun nauðsynleg þegar að kvenkyns afbrotamenn eiga í hlut. Til þess að koma til móts við þarfir og aðstæður kvenkyns afbrotamanna verður að skilja allar þær aðstæður sem leiða að afbrotahegðuninni. Byrne og Threw (2008) nefna að til þess verður að kynja refsivörslukerfið. Slíkri nálgun fylgja kostir og gallar, ef að refsivörslukerfið á að taka misjafnt á málum kynjanna getur það leitt af sér að konur fái ekki þá hjálp sem þær þurfa. Þær geta verið langt á veg komnar í fíkniefnaneyslu og væru þá verr staddar en karlar vegna þeirra sérmeðhöndlunar sem refsivörslukerfið gefur þeim. Opinber stefnumótun í refsivörslukerfinu er því umdeilt en ýmsar rannsóknir hafa gefið til kynna að jöfn meðferð kynja fyrir dómi myndi eflaust koma konum til góða vegna þeirra betrunarvistar sem afplánun er. Kynjað refsivörslukerfi gæti þó nýst mæðrum betur þar sem börn og ungmenni eiga ávallt að njóta vafans í slíkum tilfellum.

6. UMRÆÐA

Ritgerð þessi fjallar um hlutdeild kvenna í afbrotum í ljósi femínískra fræða. Hér að framan var lögð áhersla á að skoða hvað femínismi er og hvernig femínismi birtist í afbrotafræðinni. Til þess að öðlast skilning á femínískum fræðum var farið ítarlega yfir kenningar og tilgátur í öðrum kafla. Rannsóknarspurningum sem ætlað var að svara eru: Hver er hin femíníska sýn á hlutdeild kvenna í afbrotum? Hvað sýna opinber gögn og lögreglugögn okkur um hlutdeild kvenna í afbrotum á Norðurlöndum?

Ástæðan fyrir því að konur hafa ekki verið sjálfsagður partur af kenningum afbrotafræðinga er sú að konur sem fremja afbrot eru fáar, samanborið við karlmenn. Kvenkynsafbrotamönnum fer fjölgandi og því mikilvægt að skilja og skilgreina þennan málaflokk sem hefur á undanförnum árum fengið aukna athygli. Ástæðan að baki fjölgun kvenna í afbrotum má rekja til meiri sjálfstæðis kvenna og það að þær séu meira útaf heimilinu en áður. Konur fremja frekar minniháttar auðgunarbrot og afbrot án fórnarlambs eins og t.d. vændi og fíkniefnaneyslu á meðan karlmenn fremja oftar meiriháttar auðgunarbrot. Konur fremja yfirleitt ekki nema 10-20% af öllum afbrotum þegar skoðaðar eru opinberar afbrotaskýrslur en hlutfallið er svolítið breytilegt eftir brotaflokkum. (Helgi Gunnlaugsson, 2008).
Mikilvægt þykir að skoða hugtakið „kyn“ þegar skoðuð eru afbrot og tíðni þeirra. Kenningar femínisma gefa okkur það að konur hafa þurft að berjast fyrir lagalegum og félagslegum réttindum sínum í gegnum tíðina og hafa mismunandi tegundir femínisma gert konum það kleift að reyna að standa jafnfætis körlum á sem flestum sviðum þjóðfélagsins. Orðræðan í samfélaginu líkt og póstmódernisminn segir, skiptir nokkru máli. Skilgreiningar samfélagsins á karlmennsku (*e. masculinity*) og kvenmennsku (*e. femininty*) ýta undir þá félagsgerð sem við höfum af kynjunum. Hvernig við sjáum konur og karla í samfélaginu hefur áhrif á einstaklinginn og frávik þeirra. Karlmennska, kvenmennska, kyn, vald, stjórnun, kynferði og ofbeldi kynjanna er allt byggt á þeirri forsendu að staðalímyndir um konur og karla hafa áhrif á athafnir þeirra. Það sem er konum og körlum „eðlislægt“ getur verið breytilegt milli samfélaga. Því má áætla að karlmennska og kvenmennska sé menningarlegt fyrirbæri sem gæti mögulega útskýrt þá brotaflokka sem karlar og konur eru helst í. Á Norðurlöndum eru konur síður í ofbeldisfyllri brotum eins og kynferðisbrotum og ofbeldisfullum ránstilraunum. Kenning Rhodes (2000) um að líffræðilegur þáttur sé tengdur því að karlar fremja helst ofbeldisbrot tengist samanburði á afbrotatölfræði milli Norðurlandanna þar sem kemur

bersýnilega í ljós að konur eru í algjörum minnihluta í slíkum afbrotum en tíðnin er samt áberandi mest í Finnlandi af þeim konum sem eru í þeim brotaflokk.

Hvernig við tölum um konur og frávikshegðun þeirra kemur einnig heim og saman við stimplunarkenninguna þar sem einstaklingurinn upplifir sig sem utangarðs vegna þeirra staðreyndar að hann hefur brotið gildi og viðmið samfélagsins. Staðalímyndir eru áhrifamiklar sem viðmið fyrir því hvaða hegðun er óæskileg en geta líkt og kenningar femínisma gera ráð fyrir haft öfug áhrif, feðraveldiskenningin gerir ráð fyrir því að konur leiðast út í afbrot vegna þeirra staðalímyndar að þær eiga að kunna að haga sér og vegna þess að þær þurfa að fylgja ákveðnum reglum samfélagins um æskilega hegðun. Staðalímyndin hefur þar ákveðin margfeldniáhrif sem segir okkur það að hún ber ábyrgð á ákveðnum þáttum innan þjóðfélagsins. Nils Christie (2004) segir að norm séu búin til af samskiptum manna. Sú félagsmótun í samfélagi hvað varðar athafnir og samskipti móta hegðun kynjanna. Frávikshegðun er þar partur af daglegri orðræðu og hegðun sem segir okkur líkt og kenningar femínisma gera ráð fyrir að staðalímyndir skipta máli þegar kemur að afbrotum. Samfélagið tekur sífelldum breytingum og mikilvægt að muna að lög, reglur og viðmið samfélaga breytast eftir því, sem og viðbrögð fólks í samfélaginu við afbrotum (Jón Gunnar Bernburg, 2004).

Áhrif femínisma á afbrotafræði hefur verið áskorun frá fyrstu kynnum. Afbrotafræðingar hafa verið sammála mörgu sem hér hefur verið komið fram en einnig ósammála. Gelshorpte (2002) hefur nefnt að ekki er hægt að segja að konur hafi leiðst út í afbrot vegna jafnréttisbaráttunnar vegna þess að konur hafa ekki öðlast fullt jafnrétti til jafns við karla. Hins vegar hafi staða kvenna á opinberum vettvangi batnað þegar konur fóru í auknum mæli að vinna út frá heimilunum og telja fræðimenn að frávikshegðun kvenna hafi farið að aukast í takt við þær breytinga og er það í samanburði kenningar Helga Gunnlaugssonar (2008). Talsverður munur er á bæði eðli og tíðni afbrota kvenna annars vegar og karla hins vegar. Afbrot hjá karlmönnum eru líka oftar í brotaflokkum sem eru taldir grófari. Kvenkyns afbrotamönnum hefur þó farið fjölgandi síðastliðin ár en eru þó langt því frá að ná karlmönnum í tölulegum upplýsingum um afbrotamenn (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Ástæður að baki þessum mun milli kynjanna getur verið margvíslegur en nokkrar kenningar hafa verið gefnar fyrir þessu í gegnum árin og sumar þeirra eru þó orðnar úreltar. Þær kenningar sem úreltar eru hafa í gegnum áratugina einblínt á kvenkynsafbrotamenn sem pjattrófur eða móðursjúka einstaklinga. Konur væru þar af leiðandi ekki hæfar til þess að fremja glæpi. Staðreyndin er sú að konur fremja glæpi líkt og karlar en hvatinn að baki afbroti getur verið mismunandi hvort sem það er í formi persónulegs ávinnings, neyð, ofbeldis eða til

skemmtunar. Þegar skoða á hefðbundnar skilgreiningar á kvenkynsafbrotamönnum þá eru sumar kenningar mun áþreifanlegri en aðrar. Líffræðilegar kenningar Lombroso (1895) og Pollack (1950) eru börn síns tíma. Rannsóknarhættir í þá daga voru á öðrum meiði sem og staða konunnar og því ber að skoða þær með það í huga. Kenningar þeirra tóku ekki tillit til efnahags og félagslegrar stöðu kvenna sem hefur samkvæmt kenningum femínisma haft áhrif á afbrotahegðun. Í dag er en sú mýta enn tilstaðar sem kom fram í hugmyndum Lombroso (1895) að kvenkyns afbrotamenn skorti eðlislægt móðureðli og væru þar af leiðandi karllægari.

Femínísk afbrotafræði hefur gefið samfélaginu mikilvæga innsýn í heim kvenkyns afbrotamanna sem er mikilvægt innlegg vegna mismunandi reynsluheims kynjanna. Femínismi einblínir á þessa sýn í sínum fræðum. Margrét Sæmundsdóttir (2005) bendir á sumir fræðimenn hafa verið á öndverðum meiði við Carlen og bent á að kyn sé helsta skýribreytan fyrir afbrotum.

Jafnréttistilgáta femínista stendur fyrir því að eftir því sem meira jafnrétti verður á í samfélaginu, innan fjölskyldunnar, stjórnmála, menntunar og orðræðu að þá muni afbrotum kvenna fjölga (Akers og Sellers, 2004). Frida Adler nefndi einnig að með aukinni atvinnuþátttöku kvenna myndi glæpum þeirra fjölga en sú hefur ekki verið raunin en kvenkyns handtökum fjölgar þrátt fyrir að opinber gögn sýna það ekki (ef miðað er við tölur hagstofunnar), það gera hins vegar lögreglugögnin. Ekki er hins vegar hægt að útiloka alfarið kenningu Adlers þar sem afbrotahegðun kvenna hefur verið sýnilegri en hún var áður fyrr, þó konur séu ekki hlutfallslega jafn margar og karlar. Jafnréttistilgáta femínisma gerir ráð fyrir því að ekki sé mikill eðlismunur á konum og körlum, þær séu alveg jafn hæfar og karlar til þess að fremja glæp. Staðreyndin er sú að þær fremja glæpi en þau afbrot eru mjög ólík þeim sem karlar fremja. Í heildina verða karlar fyrir fleiri afbrotum en konur og á það við um allar tegundir glæpa nema kynferðisbrot (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005). Áhugavert er í ljós þess að skoða það betur, hvers vegna verða karlar frekar fórnarlömb glæpa en konur fyrir utan kynferðisbrot? Sú aldalanga hefð fyrir feðraveldi og valdastöðu sem hefur ríkt á milli kynjanna getur útskýrt það hvers vegna konur verða frekar fórnarlömb kynferðisofbeldis. Kenningar femínisma geta því reynt að útskýra flestar tegundir afbrota í samfélaginu. Vegna þess að konur hafa þann eiginleika að geta eignast börn þá getur móðurhlutverkið gefið konum siðferðiskennd. Það er einnig staðreynd að konur eru misnotaðar vegna þeirra aðstöðu að eiga börn, þær fremja fíkniefnabrot og er stórt hlutfall þeirra kvenna á Norðurlöndum dæmdar fyrir að vera burðardýr fyrir aðra. Í síðasta kafla ritgerðarinnar var farið yfir hlutdeild kvenna í afbrotum á Norðurlöndum. Í kjölfar fyrstu

kaflanna var áhugavert að skoða opinber gögn og lögreglugögn til þess að varpa ljósi á í hvaða afbrotum konur eru helst og í hverju þær eru síst í. Konur á Norðurlöndum fremja helst auðgunarbrot, þjófnaði og fíkniefnabrot en eru síður í ofbeldis glæpum og kynferðisbrotum. Þessar niðurstöður koma heim og saman við umfjöllun fræðimanna um hlutdeild kvenna í afbrotum. Það eru vandkvæði þegar farið er í samanburð á opinberum gögnum og lögreglu gögnum en þau gefa okkur samt ákveðna innsýn og vitneskju um þau afbrot sem konur fremja og þá hlutfall þessara kvenna og því var ákveðið að leyfa samanburð á afbrotatölfræði Norðurlanda að standa til þess að öðlast þessa sýn. Það sem er áhugavert við gögnin og þyrfti að rannsaka betur í samræmi við femínískar kenningar er að það eru mun fleiri konur grunaðar um afbrot ef horft er á lögreglugögnin og svo aðeins lítið hlutfall þeirra sem eru sakfelldar á Norðurlöndum. Áhugavert væri í framhaldinu að skoða afbrot grunaðra karlmanna og sakfellingu þeirra og hafa samanburðarhópinn konur í svipaðri aðstöðu.

Ólík félagsmótun kynjanna hafa áhrif á þær væntingar og viðmið sem samfélagið gefur okkur og því er nauðsynlegt að kynjaþætta meðferðarúrræði fyrir konur og karla. Stefnumótun refsivörslukerfisins á samt ekki að mismuna á grundvelli kyns því líkt og niðurstöður fræðimanna innan femínismans gefa til kynna, þá fá konur öðruvísi meðhöndlun. Tilgáta Chivalry hefur hér áhrif, sú sýn að konum beri ekki refsa gerir það að verkum að þær fá ekki þá aðstoð sem þær þurfa og geta því verið mun verr komnar í fíkniefnaneyslu samanborið við karlmenn. Margrét Sæmundsdóttir (2005) gerði úttekt á félagslegri stöðu kvenkyns fanga, samkvæmt hennar niðurstöðum er konum mismunað á grundvelli kyns. Í ljósi slíkra niðurstaða væri áhugavert að rannsaka betur hver meðferðarúrræði eru fyrir konur og hvort það sé kynjamismunur á þeim úrræðum, því líkt og Gilligan (1982) nefnir að þá er upplifun kvenna öðruvísi en karla.

Mæður eru í umönnunarhlutverki og getur það verið nauðsynlegt að taka tillit til slíkra þátta en þó ekki svo að það bitni á möguleika til betrunar og meðferðar. Afbrot kvenna á Norðurlöndum endurspegla það að konur eiga langt í land með að vera jafningjar karlmanna í afbrotum. Í þeim brotum sem þær fremja helst eru hlutfallið um 20% og það segir okkur að vandamálið er til staðar. Þær kenningar femínisma um ástæðu þess hvers vegna konur fremja afbrot eru nokkuð gildar og reyna með aðferðafræði sinni að útskýra hlutdeild kvenna í afbrotum með bæði kenningarlegum bakgrunn sem og þeirri upplifun sem konur hafa af samfélaginu en slíkt er partur af aðferðafræði þeirra. Aðferðafræði femínisma er að tengja persónulega reynslu við viðfangsefnið en slíkt segir mér að femínismi sem fræðigrein innan kynjafræðinnar sé svo fjölbreytt og margþætt að flest sjónarhorn séu leyfileg, en það er nauðsynlegt til þess að auðga skilning á viðfangsefninu.

Miklar breytingar hafa verið á högum konunnar á síðustu öld. Konur fóru út á vinnumarkaðinn og tóku að sér atvinnu sem áður þóttu karllæg. Þær sinna herskyldu, lögreglustörfum, læknastörfum og allri þeirri fjölbreyttu flóru sem atvinnuþátttaka felur í sér. Afbrotahegðun kvenna hefur breyst í gegnum tíðina en femínistar vilja meina að með aukinni jafnréttisbaráttu þá hafi orðið vitundarvakning í samfélaginu sem gerir það að verkum að refsivörslukerfið taki betur á málefnum kvenna í afbrotum og með því verða þær enn sýnilegri. Margir eru sammála um að ákveðnir grundvallarþættir felist í femínisma, það er pólitískur, efnahagslegur og félagslegur jöfnuður kynjanna. Með öðrum orðum má segja að femínismi séu viðbrögð við mismunun kvenna og mótmæli gegn feðraveldi og karllægu stigveldi. Engu að síður eru margir femínistar ósammála um þessi atriði og álíta að slíkar skilgreiningar séu of einhæfar og geri lítið úr þeim fjölbreytileika sem einkennir femínista og konur og karla almennt (Þórana Elín Dietz, 2003).

Í ljósi femínískra fræða má segja að hlutdeild kvenna í afbrotum megi skýra með félagslegri, efnahagslegri og menningarlegri þátttöku kvenna líkt og komið hefur fram. Á undanförnum áratugum hefur áorkast margt í jafnréttisbaráttu kvenna og á því fer enginn vafi að konur hafa þurft að berjast fyrir viðurkenningu sinni. Hin femíníska sýn hefur verið nauðsynleg þegar horft er á konur og afbrot, bæði til þess að skilja eðli frávikshegðunarinnar og áhrif refsivörslukerfisins. Það er hinsvegar staðreynd að þegar afbrotafræðingar fóru að rannsaka konur betur varð vitundarvakning í samfélaginu og hafði einnig áhrif á refsivörslukerfið og meðhöndlun kvenkynsbrotamanna. Konur sem fremja afbrot í dag eru mun betur settar en þær sem voru í sömu stöðu fyrir 30 árum. Kenningar femínisma innan afbrotafræðinnar taka ekki nógu mikið tillit til samfélagsins líkt og því er ástatt í dag og er það miður. Hinsvegar gefa þær okkur góða innsýn í hlutdeild kvenna í afbrotum en mikilvægt væri að rannsaka refsivörslukerfið eins og það er í dag með tilgátu Chivalry í huga. Gott væri að gera megindlega rannsókn þar sem femínísk fræði byggja á reynsluheim og eigindlegum rannsóknaraðferðum. Mikilvægt væri að sameina megindlega og eigindlega rannsóknaraðferðir til þess að rannsóknin verði viðamikil og vísa á bug gagnrýnisröddum sem telja að femínismi eigi sér ekki sess innan megindlegra rannsóknaraðferða.

Það að samfélagið gefi okkur væntingar og viðmið um æskilega og óæskilega hegðun er ágæt áminning fyrir okkur sem einstaklinga en það er á okkar eigin ábyrgð hvora leiðina við viljum fara. Skilgreiningar á líffræðilegum, efnahagslegum og félagslegum ástæðum þess að konur fremja afbrot eiga rétt á sér en ekki má gleyma því að það er í höndum einstaklingsins sjálfs, hvaða leið hann velur. Anne Frank (1952), fórnarlamb nasista í herbúðum gyðinga í seinni heimsstyrjöldinni komst vel að orði þegar hún skrifaði eftirfarandi

hugrenningar sínar í dagbók:„Foreldar og samfélagið geta einungis gefið okkur góð ráð og leitt okkur á veg réttvísinnar en það liggur í okkar eigin höndum að finna rétta slóð, því mótun okkar sem persónu er í okkar eigin höndum“.

7. HEIMILDASKRÁ

Adler, F. (1975). *Sisters in crime*. New York: McGraw-Hill.

Akers, R. L. og Sellers. C. S. (2004). *Criminological Theories: Introduction, Evaluation, and Applications* (4. útgáfa). California: Roxbury Publishing Company Sótt 12. febrúar 2012 af http://roxbury.net/images/pdfs/ct4ssg.pdf.

Allen, H. (1987). *Justice Unbalanced Gender, Psychiatry and Judicial Decisions*. Milton Keynes: Open University Press.

Andersen, M. (2003). *Thinking about women: sociological perspectives on sex and gender* (6. útgáfa). Boston: Pearsons Education, Inc.

Becker, S. H. (1963). *Outsiders: Studies in the Sociology of Deviance*. New York: The Free Press.

Bernburg, J. G., Krohn, M. D. og Rivera, C. J. (2006). Official Labeling, Criminal Embeddedness, and Subsequent Delinquency: A Longitudinal Test of Labeling Theory. *Journal of Research in Crime and Delinquency, 43*(1), 67-88. Boston: Mc Graw-Hill.

Bradley, H. (1989). *Men´s Work, Women´s work.* Cambridge: Polity Press.

Bridges, G. S. og Beretta, G. (1994). Gender, race and social control: Toward an understanding of sex disparities in imprisonment. Í G. S. Bridges og M. A. Myers (Ritstj.). *Inequality, crime and social control* (bls. 158-175). Boulder: Westview Press.

Burke, R. (2001). *An Introduction to Criminological Theory*. Devon: Willan Publishing.

Byrne, C. F. og Trew, K. F. (2008). Pathways Through Crime: The Development of Crime and Desistance in the Accounts of Men and Women Offenders. *Howard Journal, 47*(3), 238-258.

Campbell, A. (1993*). Men, women, and aggression*. New York: Basic Books.

Carlen, P. (1988). *Women, Crime and Poverty*. Milton Keynes: Open University Press.

Carlen, P. (1992). Criminal Women and Criminal Justice: The Limits to, and the Potential of, Feminist and Left Realist Perspectives. Í R. Matthews og J. Young (Ritstj.). *Realist Criminology*. London: Sage Publications.

Christie, N. (2004). *A Suitable Amount of Crime*. London: Routledge.

Curry, T., Gang, L. og Rodriguez, F. (2004). *Does Victim Gender Increase Sentence Severity? Further Explorations of Gender Dynamics and Sentencing Outcomes*. Sótt 23. mars 2012 af http://cad.sagepub.com/content/50/3/319.full.pdf+html.

Daly, K. (1993). *Gender, Crime and Punishment*. New Haven: Yale University Press.

Davies, P. (1999). *Women, Crime and an Informal Economy: Female offending and crime for gain.* Sótt 23. mars 2012 af http://www.britsoccrim.org/volume2/001.pdf.

European Sourcebook of Crime and Criminal Justice Statistics. (2010). Sótt 10. apríl 2012 af: http://www.europeansourcebook.org/ob285_full.pdf.

Farrington, D. P. og Morris, A. (1983). Sex, sentencing and reconviction. *British Journal of Criminology*, *13*, 229–48l.

Fischer, M. og Geiger, B. (2005*).* Naming Oneself Criminal: Gender Difference in Offenders' Identity Negotiation. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, *49*(2), 194-209.

Frank, A (1952). *Anne Frank: The Diary of a Young Girl*. New York: Garden City,: Doubleday.

Fukuyama, F. (1996). *Trust: The social virtues and the creation of prosperity*. New York: Simon & Schuster.

Geiger, B. (2002*).* From deviance to creation: Women's answer to subjugation. *Humanity and Society*, *26*(3), 214-227.

Gelsthorpe, L. (2002). Feminism and criminology. Í M. Maguire, R. Morgan og R Reiner (Ritstj). *The Oxford Handbook of Criminology*, (3. útgáfa, bls.85-90). Oxford: University Press.

Gelsthorpe, L. og Loucks, N. (1997). Magistrates' explanations and sentencing decisions. Í C. Hedderman og L. Gelsthorpe (Ritstj.), *Understanding the sentencing of women. A Research and Statistics Directorate Report (bls. 25-55).* Sótt 21. mars, 2012 af http://rds.homeoffice.gov.uk/rds/pdfs/hors170.pdf.

Giddens, A. (2009). *Sociology*. Cambridge: Polity Press.

Gilbert, P. R. (2002). Discourses of Female Violence and Societal Gender Stereotypes. Violence Against Women. *Violence Against Women, 8*,.1271-1273: Sótt 13. febrúar 2012 af http://vaw.sagepub.com/content/8/11/1271.full.pdf+html.

Gilfus, M. E. (1992). From Victims to Survivors to Offenders: Women's Routes of Entry and Immersion into Street Crime. *Women and Criminal Justice*, *4*, 5-7.

Gilligan, C. (1982). *In a different voice: Psychological theory and women's development.* Cambridge: Harvard University Press.

Goffman, E. (1963). *Stigma*. *Notes on the management of spoiled identity*. London: Penguin Books.

Hagan, J. and McCarthy, B. (2000). The meaning of criminology. *Theoretical Criminology*, *4*(2), 232-242.

Háskóli Íslands. (2012). *Afbrotafræði*. Sótt 25. janúar 2012 af http://dev8.stofnanir.hi.is/afbrotafraedi.

Heidensohn, F. og Farrell, M. (2003). *Crime in Europe*. London: Routledge.

Helga Vala Helgadóttir. (2011). *Misskilin mannúð - meðhöndlun Íslensk réttarkerfis á brotakonum. Óbirt meistararitgerð. Háskólinn í Reykjavík, Lögfræðideild.* Sótt 14. apríl 2012 af http://hdl.handle.net/1946/9300.

Helgi Gunnlaugsson. (2000). *Afbrot og Íslendingar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helgi Gunnlaugsson. (2003a). *„Hver eru sérsvið afbrotafræðinnar?“* Sótt 13. apríl 2012 af http://visindavefur.is/?id=3242.

Helgi Gunnlaugsson. (2003b). *„Af hverju eru afbrot kvenna sjaldgæfari en afbrot karla?“* Sótt 13. apríl 2012 af http://visindavefur.is/?id=3251.

Helgi Gunnlaugsson. (2008*). Afbrot á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hindess, B. (1973). *The use of Official Statistics in Social Science*. London: Macmillan.

Jón Gunnar Bernburg. (2004). Afbrot og önnur frávik: Yfirlit um fræðin og íslenskar rannsóknir. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Ritstj.), *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 266-287). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jón Gunnar Bernburg. (2005). Aðstæðubundin brennimerking og brothætt sjálfsmynd: Nokkur grunduð hugtök um reynslu brotamanna af stimplun. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI – Félagsvísindadeild* (bls. 111-121). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Íslands.

Klein, D. og Kress, J. (1976). Any Woman's Blues: A Critical Overview of Women, Crime and the Criminal Justice System. *Crime and Social Justice, 3*, 34-49.

Lemert, E. (1972). *Human deviance, social problems and social control*. Englewood Cliffs: Prentice Hall.

Link, B. G. og Phelan. J. C. (2001). „Conceptualizing Stigma.“ *Annual Review of Sociology, 27*, 363-385.

Lombroso, C. og Ferrero, W. (1895). *The female offender*. London: T. Fisher Unwin.

MacKinnon, C. A. (1982). Feminism, Marxism, Method, and the State: An Agenda for Theory. *Feminist Theory, 7*(3), 515-525.

Margrét Sæmundsdóttir. (2003). *Félagsleg staða fanga og afbrot þeirra*. *Ársskýrsla Fangelsismálastofnunar ríkisins*. Sótt 16. mars 2012 af http://www.fangelsi.is/media//stofnunin/A2003_leidrett.pdf.

Margrét Sæmundsdóttir. (2005). *Vangaveltur um félagslega stöðu kvenna í afbrotum.* Sótt 15. mars 2012 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Hugleiding_um_konur_i_afbrotum011105.pdf.

McGee, R. J. og Warms, R. (2008). *Anthropological theory: An introductory history*.

Merton, R. (1938). Social Structure and Anomie. *Sociological Review, 3,* 672-862. Sótt 16. mars 2012 af http://www.jstor.org/discover/10.2307/2084686?uid=3738288&uid=2&uid=4&sid=56144451463.

Mill, J. S. (2003). Kúgun kvenna. Í Vilhjálmur Árnason og Ólafur Páll Jónsson (Ritstj.). *Lærdómsrit bókmenntafélagsins* (2. útgáfa, bls 71). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Naffine, N.(1996). *Feminism and Criminology*. Philadephia: Temple University Press.

Pollock, O. (1950). *The criminality of women*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.

Ramazanoglu, C. og Holland, J. (2002). *Feminist Methodology. Challenges and Choices*. London: Sage Publications.

Rannveig Þórisdóttir og Helgi Gunnlaugsson. (2007). Eru afbrot á Íslandi fátíðari en í öðrum löndum? Í Gunnar Þór Jóhannsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 189-197). Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Ísland.

Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir. (2005). *Brotaþolar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn og Háskólaútgáfan.

Rhodes, R. (2000). *Why they kill: The discoveries of a maverick criminologist*. New York: Vintage.

Richie, B. E. (1996*). Compelled to crime: the gender entrapment of battered black women*. New York: Routlegde.

Ritzer, G. og Goodman, D. (2004). *Classical Sociological Theory*. (4.útgáfa). New York: McGraw-Hill.

Ríkislögreglustjórinn. (2008). *Afbrotatölfræði 2007*. Reykjavík: Svansprent ehf.

Siegel, L. (2009). *Criminology* (10. útgáfa). Belmont*:* Thomson Wadsworth.

Smart, C. (1977). *Criminological theory: it‘s ideology and implications concerning women. Gender and crime*. London: McGraw and Hill. Sótt 14. febrúar 2012 af http://www.mcgrawhill.co.uk/openup/chapters/9780335225231.pdf.

Smith, D. (2005). *Institutional Ethnography: A Sociology for People*. *Gender lens*. London: Rowman & Littlefield.

Statistiks Centralbyra. (2010). *Afbrotatölfræði fyrir árið 2006*. Sótt 12. apríl 2012 af http://www.ssb.no/.

Statistiks Denmark. (2010). *Afbrotatölfræði fyrir árið 2006*. Sótt 12. apríl 2012 af http://www.dst.dk/.

Tryggvi Guðmundsson. (2009). *Ofbeldi karla*. Sótt 16. mars 2012 af http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadArticle&ID=90.

Von Hofer, H. (2005). Crime and Reactions to Crime in Scandinavia. *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention, 5*(2), 148-166.

Walby, S. (1997). *Theorizing Patriarchy*. Oxford: Blackwell.

Þorgerður Einarsdóttir. (2001). „*Hvað er femínismi og hver er líkleg ástæða til fordóma karla gagnvart femínistum?*“ Sótt 9. apríl 2012 af http://visindavefur.is/?id=1337.

Þorgerður Einarsdóttir. (2004). „Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu.“ Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Ritstj.), *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2000, janúar). *Femínismi & Póstmódernismi*. Erindi flutt í Norræna húsinu. Sótt 12. febrúar 2012 af http://kistan.is/Default.asp?Sid_Id=28001&tre_rod=004|&tId=2&FRE_ID=39505&Meira=1.

Þórana Elín Dietz. (2003). *„Hvernig hefur femínismi haft áhrif á félagfræðilegar rannsóknir?“* Sótt 14.apríl 2012 af . http://visindavefur.is/?id=3878.